

ÁRSSKÝRSLA
RAFIÐNAÐARSAMBANDS
ÍSLANDS fyrir árið 2012-13
Sambandsstjórnarfundur Akureyri
3. – 4 maí 2013



Efnisyfirlit

Inngangur formanns.....	3
Stjórnir RSÍ	7
Fjöldi félagsmanna.....	14
Atvinnuleysi	14
Fundaferð Rafiðnaðarsambands Íslands.....	15
Skoðanakönnun vegna endurskoðunar kjarasamninganna	17
Vertu á verði!	18
Formanni Rafiðnaðarsambands Íslands vísað á dyr í Nóatúni!	19
Starfsemi RSÍ.....	21
Helstu kennitölur úr bókhaldi	21
Launakönnun RSÍ.....	22
Vinnustaðaheimsóknir	23
Breytingar á 3. hæð Stórhöfða 31	23
Sameiginlegur starfsmaður	24
Vinnustaðaæftirlit.....	24
Lögfræðingur	25
VIRK starfsendurhæfing.....	25
Fundir miðstjórnar	25
200 þúsund naglbítar.....	26
Menntasjóður Rafiðnaðarins	27
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	27
Sveinspróf	27
Raunfærnimat.....	27
Rafbókin	27
Ferilbók rafiðnaðarmannsins.....	28
Skýrsla stjórnar Rafiðnaðarskólans fyrir árið 2012.....	28
Ákvæðisvinnustofa rafiðna	30
Félagsstarf	33
Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ	33
Fjölskylduhátíð RSÍ.....	33
Ferð (H)eldri félaga	34
Spennugolf 2012.....	35
Fundarferð ASÍ.....	35
Atvinnu- og menntamálin	35
Kjaramálin, kaupmátturinn	36
Húsnæðislánakerfið	36
Félagslegt húsaleigukerfi.....	38
Alþjóðasamstarf RSÍ.....	39
Orlofskerfið.....	41
Styrktarsjóður	43
Heiðursverðlaun Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík	44
VIRK starfsendurhæfing á Stórhöfða	45
Fundargerð sambandsstjórnarfundar 2012.....	47
Ályktanir	57
Starfsemi Stafa á árinu 2012.....	63



Nýliðið ár hefur verið viðburðaríkt, þjónusta skrifstofu RSÍ hefur verið vel nýtt allt árið. Mikil aðsókn hefur verið í orlofshús sambandsins sem og styrki sem Styrktarsjóður veitir. Síðastliðið haust var undirbúningur að endurskoðun kjarasamninganna hafinn enda var ljóst á þeim tíma að allar líkur yrðu á að forsendur samninganna myndu ekki halda að öllu leyti. Verðbólga var of há, gengi íslensku krónunnar var of veikt en kaupmáttarviðmið kjarasamninganna stefndi þó í að verða innan marka. Það sem hefur áhrif á kaupmátt launa er hver þróun launavísitölu er á ákveðnu tímabili og síðan samburður á verðbólgu sama tímabils. Því er augljóst að há verðbólga étur upp launahækkanir, ef takast á að auka kaupmátt þarf að tryggja að launahækkanir fari ekki beint út í verðlagið.

Helstu þættir sem hafa áhrif á verðbólgu eru hins vegar ekki launin enda er leitast við að láta launin fylgja verðlagi hvers tíma, það er íslenska krónan sem hefur mest áhrif á verðbólgu. Falli gengi krónunnar velta innflutningsaðilar/verslunareigendur því gengisfalli beint út í verðlagið sem eykur þar með verðbólgu. Hækkun verðlags verður ekki mætt nema með hækkun launa enda er nauðsynlegt að auka kaupmátt þeirra.

Farin var fundarferð um landið meðal annars til þess að heimsækja ýmis fyrirtæki og ræða við félagsmenn en jafnframt að halda opna félagsfundi þar sem farið var yfir stöðu efnahagsmála og annarra mála sem brenna á félagsmönnum. Voru fundirnir undirbúningur að endurskoðun kjarasamninganna.

Þegar tók að nálgast endurskoðun kjarasamninganna tók miðstjórn þá ákvörðun að senda út skoðanakönnun þar sem félagsmenn voru spurðir um afstöðu til endurskoðunar kjarasamninganna, hvort segja ætti kjarasamningum upp þrátt fyrir að launahækkun myndi tapast eða þá að tryggja gildi þeirra. Afstaða félagsmanna var skýr og vildu 69%, þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar, tryggja gildi samninganna í stað þess að segja þeim upp. Afstaðan kom nokkuð á óvart enda staðan óviðunandi. Hins vegar blandast Alþingiskosningar inn í heildar dæmið og töldu félagsmenn mögulega betri kost að fara í viðræður að þeim yfirstöðnum.

RSÍ beitti sér fyrir því að kjarasamningar myndu halda gildi sínu og jafnframt hvort ekki væri mögulegt að gera breytingar á kjarasamningunum til þess að koma til móts við félagsmenn. Úr varð að samningstími gildandi kjarasamninga var stytur um 2 mánuði. Gera á átak í menntamálum félagsmanna til þess að fjölga menntuðum ein-

staklingum á vinnumarkaði en í dag er ríflega 30% hluti fólks á vinnumarkaði án formlegrar framhaldsmenntunar eftir grunnskóla. Markmið Íslands í tengslum við 2020 markmiðin er að hlutfallið verði komið niður í 10% fyrir árið 2020. Hjá RSÍ er skýrt hvaða menntun félagsmenn hafa sem eru í sveinafélögunum en greina þarf betur þarfir þeirra sem ekki hafa lokið menntun og má þar nefna félagsmenn Félags tækni-fólks í rafiðnaði. Félagsmenn hafa mjög fjölbreytta menntun en sú menntun er ekki skráð hjá RSÍ né félaginu. Nauðsynlegt fyrir okkur að greina þann hóp og hvernig hægt er að koma til móts við þann hluta sem ekki hefur lokið formlegri menntun og jafnframt hver þörf hópsins er í eftirmenntun. Við endurskoðunina var lögð áhersla á að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga og ætla aðilar sér að gera bót þar á.

Á nýju ári er unnið að undirbúningi næstu samningalotu, ljóst er að staðan er virkilega þröng og nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvert við ætlum okkur að stefna. Lagt hefur verið til að samninganefndir hefji störf sem fyrst til þess að fara vel yfir alla texta sem nauðsynlegt er, að mati félagsmanna, að lagfæra. Nú þegar hafa fundir verið haldnir til þess að velja fulltrúa í samninganefndir. Í maí mánuði er gert ráð fyrir að send verði önnur skoðanakönnun til félagsmanna þar sem nánar verður spurt út í afstöðu til þeirra þátta sem félagsmenn telja að þurfi að laga í kjarasamningum, hvaða þætti á að leggja mesta áherslu á. Til greina kemur að farin verði fundarferð um landið til þess að móta mögulegar spurningar sem verða í þessari könnun enda nauðsynlegt að ná vilja félagsmanna eins vel fram og mögulegt er.

Aðilar á vinnumarkaði þurfa að gera sér grein fyrir því hvaða stefnu á að taka. Margir hópar þurfa á launleiðréttingum að halda og á það við um langflesta hópa innan RSÍ. Búast má við því að RSÍ sé ekki einsdæmi hvað það þetta varðar og því er ákveðin hættu á að ákveðin skriða launahækkana sé í kortunum. Brýnt er að mótuð verði heildstæð stefna í gjaldmiðils og efnahagsmálum þar sem stöðugleiki verður hafður að leiðarljósi.

Nauðsynlegt er að skoða möguleika á að festa gengi íslensku krónunnar við eitthvað ákveðið gengi þar sem jafnvægi er á milli inn- og útflutnings. Þannig er hægt að draga úr verðbólgu en á móti þurfa allir aðilar, ríki, sveitarfélög, verlsunareigendur, atvinnurekendur og launþegar, að halda að sér höndum í að velja auknum kostnaði út í verðlagið, sama með hvaða móti það er gert. Full samstaða þyrfti að nást um að allir yrðu með í fastgengisstefnunni. Mögulegt er að ná fram auknum kaupmætti ef okkur tekst að halda genginu föstu. En spurningin sem við spyrjum í dag: Eru allir tilbúnir í slíka fastgengisstefnu?

Verði slík gengisstefna ákveðin þá er jafnframt lykilatriði að efnahagsstjórn þessa lands verði í samræmi við gjaldmiðilsstefnuna og augljóst að ekki verður unnt að halda slíkri stefnu til streitu til lengri tíma. Þetta yrði skammtímalausn til þess að koma þjóðinni áfram á nýjan, stöðugri grunn, til dæmis með upptöku annars gjaldmiðils eins og Evru. Afar brýnt er að stefnan verði mörkuð þó svo við gerum okkur grein fyrir því að fjöldi ára sé þar til upptaka annars gjaldmiðils getur orðið að raunveruleika. Skrefið þarf að taka! Að öðrum kosti munum við ætíð þurfa að biða of lengi þar til viðunandi lausn yrði fundin.



Hér á eftir verður farið ítarlegar í hina ýmsu þætti starfsemi RSÍ og tengdra félaga og er það von miðstjórnar að skýrslan sé gagnleg fyrir sambandsstjórnarmenn sem og alla félagsmenn sem áhuga hafa á starfsemi RSÍ. Umfjöllun er ekki tæmandi en reynt er að gera helstu þáttum skil. Formaður hlakkar til komandi tíma enda verður árið virkilega krefjandi og mun reyna á alla þá sem koma að starfseminni hvort sem við tölum um starfsfólk RSÍ, stjórnarmenn, samningamenn, trúnaðarmenn eða félagsmenn. Við þurfum að standa saman við gerð kjarasamninganna og komast í gegnum þann brimskafl sem bíður okkar. Við ætlum að ná fram bættum kjörum fyrir okkar félagsmenn í viðtækum skilningi.



Stjórnir RSÍ:

Framkvæmdastjórn:

Formaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson FRV

Varaformaður: Stefán Sveinsson FÍR

Ritari: Helgi Jónsson RFN

Gjaldkeri: Jens Ragnarsson FÍR

Meðstjórn:

Grétar Birkir Guðmundsson FÍS

Jakob Tryggvason FTR

Sigurður Sigurðsson FÍR

Miðstjórn:

Aðalmenn:

Andri Jóhannesson FRV

Bára Halldórsdóttir FRV

Einar Kristinsson FSK

Eyjólfur Ólafsson FRV

Georg Georgsson RFS

Guðrún S. Bergþórsdóttir FÍS

Hafliði Sívertsen FTR

Jón Ingi Skúlason Öfjörð FÍR

Júlía Þórðardóttir FÍR

Kristín Þóra Benediktsdóttir FÍS

Ómar Baldursson FRS

Svanborg Hilmarsdóttir RSÍ-UNG

Sigurjón Ingvarsson FÍR

Sighvatur Daníel Sighvatz FÍR

Varamenn:

Brynjar Ingi Magnússon FÍS

Brynjar Svansson FÍR

Davíð E. Sigmundsson FRV

Eiríkur Sigurðsson FÍR

Eva Katrín Benjamínsdóttir FÍS

Finnur Víkingsson RFN

Haraldur Arnbjörnsson RFS

Jón Ó. Halldórsson FÍR

Sigurjón Ólason FTR

Steinar Guðjónsson FRS

Þórunn S. Jónsdóttir FRV

Snorri Jónsson RSÍ-UNG

Sambandsstjórn:

Aðalmenn:

Anna Sigríður Melsteð FTR

Árni H. Jóhannsson FÍS

Birna Dögg Granz FÍS
Bjarni Þór Ólafsson FÍR
Björn Ágúst Sigurjónsson FÍR
Björn Eysteinnsson FRV
Guðmundur Gunnarsson FÍR
Guðmundur Helgi Loftsson FÍR
Guðmundur Sigurðsson FÍS
Gústaf Eggertsson RFN
Haukur Ágústsson FRV
Ísleifur Tómasson FÍR
Jón Hafsteinn Jóhannsson RSÍ-UNG
Karl Hrólffsson RFS
Kári Snædal RSÍ-UNG
Rúnar Bachmann FÍR
Þorsteinn Ú. Björnsson FTR
Þorvaldur Þorvaldsson FRS

Varamenn:

Helgi Þorvaldsson FÍR
Aðalsteinn Stefánsson FÍR
Frantz Adolp FÍR
Gestur Bjarnason FÍR
Haraldur H. Jónsson FÍR
Óskar Hlíðar Jónsson FÍR
Guðmundur Ingi Geirsson RFN
Helgi Guðmundsson FRS
Kristín Ósk Óskarsdóttir FÍS
Halldóra Stefánsdóttir FÍS
Páll Sveinn Guðmundsson FTR
Arnmundur Sigurðsson RFS
Ármann H. Guðmundsson FRV
Páll Viggósson FÍR
Hafþór Ólafsson FTR
Vagn Jóhannes Jónsson FRV
Ívar Baldvin Júlíusson RSÍ-UNG
Páll Þór Vilhelmsson RSÍ-UNG

Starfsnefndir miðstjórnar:**Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarféлага:**

Stefán Ó. Guðmundsson

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga:

Stefán Ó. Guðmundsson, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson

Launanefnd RSÍ:

Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson, Sigurður Sigurðsson og Jens Ragnarsson



Laga- og skipulagsnefnd RSÍ:

Rúnar Bachmann, Georg Georgsson og Jakob Tryggvason

Orlofsnefnd RSÍ:

Sigurður Sigurðsson, Einar Kristinsson, Sighvatur Daníel Sighvatz, Bára Halldórsdóttir og Kristín Þóra Benediktsdóttir

Golfnefnd:

Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Einar Hafsteinsson, Helgi Einarsson og Viðir Tómasson
Með þeim starfar Stefán Ó. Guðmundsson

Stjórn Rafiðnaðarskólans:

Sigurður Sigurðsson (form. sv.pr.nefndar)
Ásvaldur Kristjánsson

Stjórn Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Einarsstaða:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Ölfusborga:

Ísleifur Tómasson

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs:

Ísleifur Tómasson, Björn Eysteinnsson og Guðrún Guðmundsdóttir

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna:

Tómas Bjarni Tómasson og Þorvarður Hjaltason

Stjórn Verkiðnar:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Stjórn Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík:

Björn Ágúst Sigurjónsson
Ísleifur Tómasson

Skoðunarmenn:

Anna Sigríður Melsteð
Haukur Ágústsson
Til vara: Árni H. Jóhannsson

Stjórnarmenn Stafa kosnir til tveggja ára á 17. þingi RSÍ 2011:

Guðmundur Gunnarsson aðalmaður
Jakob Tryggvason aðalmaður
Andri Jóhannesson varamaður

Kjörnefnd Stafa lífeyrissjóðs:

Sigurður Sigurðsson

Til vara: Hermann Lúðvíksson

Stjórn og nefndir ASÍ:**Miðstjórn ASÍ:**

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Til vara: Jens Heiðar Ragnarsson

Alþjóðanefnd:

Helgi Jónsson

Til vara: Björn Eysteinnsson

Atvinnumálanefnd:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Til vara: Björn Eysteinnsson

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd:

Ísleifur Tómasson

Til vara: Bára Halldórsdóttir

Menntanefnd:

Stefán Sveinsson

Til vara: Júlía Björk Þórðardóttir

Efnahags- og skattanefnd:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Til vara: Georg Georgsson

Lífeyris- og veikindaréttarnefnd:

Andri Jóhannesson

Skipulags- og starfsháttanefnd:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Til vara: Guðrún S. Bergþórsdóttir

Velferðarnefnd:

Ísleifur Tómasson

Til vara: Kristín Þóra Benediktsdóttir

Vinumarkaðsnefnd:

Björn Ágúst Sigurjónsson

Til vara: Þórunn S. Jónsdóttir

Umhverfisnefnd:

Þorsteinn Úlfar Björnsson

Til vara: Björn Eysteinnsson

Tilnefndur af miðstjórn ASÍ:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Listasafn ASÍ:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Fulltrúaráð Starfsendurhæfingarsjóðs:

Ísleifur Tómasson

Vísinda og tækniráð:

Þórunn S. Jónsdóttir (til 2.10.12)

Kormákur Hlini Hermannsson (frá 2.10.12)



Félagsdómur:

Aðalmaður: Valgeir Jónasson

Varamaður: Bjarni Sigfússon

Stjórn VIRK:

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Mennta og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum

Sveinsprófsnefnd sterkstraums:

Sigurður Sigurðsson formaður

Einar Ragnarsson, Stefán Sveinsson

Sveinsprófsnefnd veikstraums: Davíð E. Sigmundsson

Andrés Einar Guðjónsson, Þorsteinn Jóhannsson

Menntasjóður Rafiðnaðarins:

Rúnar Bachmann formaður

Örn Kristinsson

Varamaður: Jakob Tryggvason

Eftirmentunarnefnd veikstraums

(rafeindavirkjar – símsmiðir – tæknifólk)

Aðalmenn: Þórunn S. Jónsdóttir

V. Jóhannes Jónsson

Jakob Tryggvason

Bjarni Þór Ólafsson

Varamaður: Þorsteinn Jóhannsson

Eftirmentunarnefnd sterkstraums

(rafvirkjar – rafvélavirkjar – rafveituvirkjar)

Aðalmenn: Bergsveinn Kristinsson

Georg Georgsson

Guðmundur Gunnarsson

Helgi Þorvaldsson

Varamenn:

Stefán Ó. Guðmundsson

Borgþór Hjörvarsson

Rúnar Bachmann

Þorvaldur Þórðarson

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans

Sigurður Sigurðsson

Ásvaldur Kristjánsson

Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins

Ísleifur Tómasson

Andri Jóhannesson

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins

Aðalmenn:

Svanborg Hilmarsdóttir, rafvirki

Sighvatur D. Sighvatz, símsmiður

Helgi B. Þorvaldsson, rafveituvirki

Varamenn:

Pórunn Stefanía Jónsdóttir, rafeindavirki

Jakob Tryggvason, tæknimaður

Stefán Sveinsson, rafvirki

Stjórnir og nefndir erlendis

Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins (NEF): Þar situr formaður hvers lands fyrir sig.

Arbejdsmljð NEF: Ísleifur Tómasson

Menntanefnd NEF: Stefán Sveinsson (kjörinn á þingi NEF 15. janúar 2013) Sigurður Geirsson til þess dags.

Arbejdsmljð NBTF: Ísleifur Tómasson

Varamaður í stjórn NBTF: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn EBTF: Kristján Þórður Snæbjarnarson

Stjórn UNI-ICTS: Grétar Guðmundsson

Varamaður: Björn Eysteinnsson

Félag íslenskra rafvirkja

Formaður: Jens Heiðar Ragnarsson

Varaformaður: Jón Ingi Öfjörð

Ritari: Sigurður Sigurðsson

Gjaldkeri: Jón Ólafur Halldórsson

Meðstjórn: Bjarni Þór Ólafsson, Eiríkur Sigurðsson, Sigurjón Ingvarsson

Félag rafeindavirkja

Formaður: Eyjólfur Ólafsson

Varaformaður: Hörður Bragason

Ritari: Davíð E. Sigmundsson

Gjaldkeri: Andri Jóhannesson

Meðstjórn: Haukur Ágústsson, Þórarinn Ólafsson, Örn Kristinsson

Félag íslenskra símamanna

Formaður: Grétar B. Guðmundsson

Varaformaður: Kristín Þ. Benediktsdóttir

Ritari: Birna Dögg Granz

Gjaldkeri: Guðrún S. Bergþórsdóttir

Meðstjórn: Eva Benjamínsdóttir

Rafiðnaðarfélag Norðurlands

Formaður: Helgi Jónsson

Varaformaður: Finnur Víkingsson

Ritari: Guðmundur Ingi Geirsson

Gjaldkeri: Gústaf Eggertsson



Meðstjórn: Árni Skarphéðinsson, Sigurður Hjaltason

Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi

Formaður: Ómar Baldursson

Varaformaður: Steinar Guðjónsson

Ritari: Þorvaldur Þorvaldsson

Gjaldkeri: Birgir Sigurjónsson

Meðstjórn: Guðmundur Smári Jónsson

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Formaður: Georg Georgsson

Varaformaður: Haraldur Arnbjörnsson

Ritari: Arnmundur Sigurðsson

Gjaldkeri: Karl Hrólfsson

Meðstjórn: Helgi Hilmarsson

Félag sýningarstj. við kvikmyndahús

Formaður: Einar Ágúst Kristinsson

Ritari: Atli Már Sigurjónsson

Gjaldkeri: Rúnar Páll Brynjúlfsson

Meðstjórn: Gunnar Ásgeirsson Kristinn Einarsson

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Formaður: Jakob Tryggvason

Varaformaður: Hafliði Sívertsen

Ritari: Hafþór Ólafsson

Gjaldkeri: Páll Sveinn Guðmundsson

Meðstjórn: Sigurjón Ólason

RSÍ-UNG

Formaður: Svanborg Hilmarsdóttir

Ívar Baldvin Júlíusson

Jón Hafsteinn Jóhannsson

Kári Snædal

Páll Þór Vilhelmsson

Snorri Jónsson

Fjöldi félagsmanna

Fjöldi félagsmanna hefur haldist nánast óbreyttur á milli ára en fækkun var upp á 1,3%. Töluverð fjölgun var í Félagi tæknifólks í rafiðnaði en á móti varð töluverð fækkun í Félagi íslenskra símamanna. Sveinafélögin hafa öll haldið sér nokkuð jöfnum á milli ára þrátt fyrir að nýsveinar í rafvirkjun séu 114 á árinu þá hefur nánast jafn stór hópur gengið úr félögunum á sama tíma. Sama á við um Félag rafeindavirkja. Mest fjölgun hlutfallslega var í Félagi sýningastjóra við kvikmyndahús en félagsmönnum fjölgaði um 6,8%.

Það er áhugavert að fylgjast með fjölda félagsmanna og skoða heildartekjur aðildarfélaganna á sama tíma. Því þrátt fyrir örlitla fækkun hafa tekjur aukist um 6.36%. Þessi hækkun getur verið tilkomin vegna hærri launa sem annarsvegar eru afleiðingar af kjarasamningsbundnum hækkunum, auknu launaskriði umfram kjarasamninga og síðan mögulega aukinni yfirvinnu. Ómögulegt er að greina fjölda yfirvinnutíma í félagakerfi RSÍ og því er ekki með góðu móti hægt að fullyrða um að eingöngu launahækkunar sé að ræða. Samræmi er á milli skýrslunnar og launakönnunar sem Capacent gerði fyrir RSÍ í september síðastliðnum.

Nánar um þróun fjölda félagsmanna má sjá í meðfylgjandi töflu.

Fjöldi félaga						
	Gjaldfr. 2012	Gr.andi 2012	Gjaldfr. 2011	Gr.andi 2011	Gjaldfr. 2010	Gr.andi 2010
RSÍ	568	4.960	530	4.995	393	4.766
FTR	18	1.210	15	1.123	11	886
RFN	22	192	20	197	20	190
FÍR	207	1.774	189	1.798	67	1.572
FRV	33	730	30	739	24	723
FRS	19	122	17	125	15	122
RFS	5	103	5	110	5	102
FÍS	256	799	249	869	245	946
FSK	8	30	5	28	6	33

Atvinnuleysi

Atvinnuleysi hefur dregist saman á undanförunum mánuðum og árum. Þegar atvinnuleysi var hvað mest voru um og yfir 220 félagsmenn í atvinnuleit. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu hefur atvinnuleitendum fækkað verulega. Það sem veldur hins vegar miklum áhyggjum er að þeir sem hafa fundið atvinnu eru ekki allir komnir í vinnu hér á landi heldur er gríðarlegur fjöldi okkar félagsmanna farinn til útlanda og hafa flestir farið til Noregs, enda er atvinnustaða í Noregi mjög góð. Þau störf sem íslenskir rafiðnaðarmenn sækja í eru mörg hver tengd olíuðnaði en jafnframt við uppbyggingu samgöngumannvirkja.

Á liðnu ári hófst verkefni sem er samstarf á milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda þar sem atvinnuleitendur ákveðinna félaga fóru í þjónustu hjá viðkomandi félögum.



Stofnað var félag um þennan rekstur sem fer með úrræðafé þessu tengt en félagið er kallað STARF. Rafiðnaðarsamband Íslands er ekki aðili að STARF-i að öðru leyti en því að RSÍ getur haft aðkomu að þessu á Austurlandi. Atvinnuástand okkar fólks á Austurlandi er hins vegar með þeim hætti að mikill skortur er á rafiðnaðarmönnum þar og því hefur ekki reynt á þetta.

		Ágúst '09	Mars '10	Júní '11	Júlí '11	Sept '11	Okt '11	Nóv '11	Jan '12	Júlí '12	Sept '12	Apr '13
Félag nema	FNÍR	5	7	2	2	-	-	-	-	-	-	-
Félag símsmiða	FSS	5	4	3	0	-	-	-	-	-	-	-
Félag tæknifólks	FTR	102	85	66	62	53	56	51	51	44	35	23
Rafiðnaðarfélag Norðurl	RFN		3	3	3	3	3	2	3	2	0	0
Félag ísl rafvirkja	FÍR	77	64		38	40	36	30	28	26	25	29
Félag rafeindavirkja	FRV	30	35	19	22	20	20	19	19	14	15	10
Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi	FRS		2	3	3	5	3	4	4	2	0	1
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	RFS		1	3	1	2	4	3	1	2	1	0
Félag ísl símamanna	FÍS		12	13	17	13	14	15	18	16	15	13
Félag sýningarmanna	FSK	1	0	1	1	1	1	0	1	1	1	1
Samtals		220	213	165	149	137	137	124	125	107	92	77

Markmið með því að verkalýðsfélög sinni atvinnuleitendum er að bæta stórlega í þjónustu við þennan hóp, auðvelda vinnumiðlun og ná að virkja þann hóp enn frekar með auknum samskiptum við hópinn. Hjá Vinnumálastofnun var stór hópur fólks sem ekki hafði fengið þjónustu, jafnvel engin snerting við einstaklinga í ár eða lengur. Gríðarlega mikilvægt er að halda atvinnuleitendum virkum.

Fundaferð Rafiðnaðarsambands Íslands

Farin var funduferð um landið í október og nóvember á síðasta ári. Á fundunum var farið yfir stöðu kjarasamninga en framundan var endurskoðun þeirra og nauðsynlegt að upplýsa um stöðuna, hvaða afleiðingar uppsögn hefði í för með sér, hvernig þróun kaupmáttar væri á þeim tímapunkti og hvernig kaupmáttur gæti mögulega þróast ef samningar héldu. Ljóst var að kaupmáttaraukning var ekki í samræmi við þær væntingar sem aðilar höfðu þegar samningar voru undirritaðir þó svo sú forsenda hafi í raun verið sú eina sem hafi haldið þegar á reyndi.

Mikilvægt væri til þess að tryggja áframhaldandi aukningu kaupmáttar þyrfti launahækkun að koma til en jafnframt væri nauðsynlegt að segja hári verðbólgu stríð á hendur. Fundir voru haldnir á hefðbundnum stöðum Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, Reykjanesbæ, Reykjavík og Akranesi en jafnframt var farið á Neskaupsstað og í Borgarnes. Fundirnir voru að vanda vel sóttir en tækifærið var jafnframt nýtt og hin ýmsu fyrirtæki voru heimsótt og kynntum við okkur starfsemi þeirra og spjölluðum við starfsmenn í kaffitímum sem reyndist mjög vel.

Það var samhljóma afstaða allra fundanna að félagsmenn vildu tryggja aukinn kaupmátt og staða þjóðarinnar væri ekki nægilega góð þó svo að staðan væri öll að batna.

Það var hvergi talað um mikinn verkefnaskort þó svo að aðilar vildu sjá fleiri stærri verkefni hér heima. Þó nokkur fyrirtæki sækja verkefni út fyrir landsteinana og þá sérstaklega til Noregs. En á þessum tíma var ekki tekin afstaða til þess hvort við ættum að tryggja gildi kjarasamninga en var fyrst og fremst hugsað til að upplýsa um stöðuna og heyra frá félagsmönnum.



Frá fundi á norðurlandi. Einbeiting skín úr hverju andliti.

Á fundunum var ný launakönnun kynnt en ítarlegar er fjallað um niðurstöður hennar síðar í skýrslunni. Það var gegnumgangandi óánægja með niðurstöður launakönnunar en félagsmenn könnuðust ekki við þetta há laun fyrir dagvinnutímann. Það gæti ekki staðist að menn væru almennt með þetta há laun. Hækkun á milli ára töldu margir vera ósennilega en heildarlaun allra hækkuðu að meðaltali um 8,1% á meðan heildardagvinnulaunin hækkuðu um 11,4%. Það sem við getum séð í okkar félaga-kerfi er eingöngu samanburður á heildarlaunum allra félagsmanna og birtist það í breytingum á tekjum aðildarfélaganna en meðalhækkun á milli ára, janúar til október hvort ár, er um 8,9%. Ef við skoðum breytingar á tekjum félaganna samtals yfir árin 2011 og 2012 (allt árið undir) þá hafa tekjur félaganna hækkað að meðaltali um 6,4%. Að lokum var farið yfir samanburð á þeim lánakostum sem standa fólki til boða í dag. Ítrekað hefur verið fjallað um að banna eigi verðtrygginguna en ekki höfðu allir gert sér grein fyrir því hvað fylgdi að hafa öll lán óverðtryggð og hvernig greiðslubyrði slíkra lána getur sveiflast gríðarlega. Hefðu heimili landsins verið með óverðtryggð lán í hruninu þá hefðu margfalt fleiri fjölskyldur misst húsnæði sitt sökum greiðsluþöleika. Í dag er vandinn ærinn enda fjöldi fjölskyldna í skuldavanda sökum þess að lán hafa hækkað og verð fasteigna lækkað. En sá hópur sem er í mestum greiðsluvanda eru þær fjölskyldur sem ekki hafa getað fjárfest í fasteignum og eru á leigumarkaði eða jafnvel í félagslega kerfinu. Það er afar brýnt að koma upp sanngjarnara húsnæðis-lánakerfi en ekki síður félagslegu húsnæðiskerfi sem gerir fólki kleyft að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Sérstaklega mikil óánægja var á meðal félagsmanna í Reykjavík með launakjör sem standa fjölmörgum til boða í dag. Mikill fjöldi félagsmanna og þá sérstaklega á Höfuðborgarsvæðinu er á lágmarkstöxtum en frá hruni hafa markaðslaun lækkað niður á þau gólf sem hafa verið hækkuð verulega á undanförunum áratug. Það sýnir sig í dag mikilvægi þess að lágmarkslaun hafi verið hækkuð sérstaklega þegar vel



áraði í þjóðfélaginu þó svo þær hækkanir hafi ekki skilað sér beint í vasa okkar félagsmanna að öllu leyti. Því er afar mikilvægt að í komandi kjaraviðræðum verði almennar hækkanir tryggðar en lágmarkstaxtar jafnframt hækkaðir upp að markaðslaunum til þess að tryggja að þegar illa árar lækki markaðslaun minna.

Skoðanakönnun vegna endurskoðunar kjarasamninganna



Í kjölfar fundarferðarinnar (um áramótin) var send út skoðanakönnun til þess að heyrja vilja félagsmanna til endurskoðunar kjarasamninganna. Þá var búið að vinna að leiðréttingum á kjarasamningum til þess að tryggja gildi þeirra en niðurstaða var ekki komin í þær viðræður og ljóst að ekki yrði um aukna launahækkun að ræða umfram þá hækkun sem þá þegar hafði verið samið um í kjarasamningunum.

Helsta spurning þessarar könnunar var afstaða félagsmanna til endurskoðunar kjarasamninganna, hvort félagsmenn vildu tryggja gildi kjarasamninganna þannig að laun myndu hækka um 3,25% þann 1.2.2013 eða hvort segja ætti kjarasamningum upp þrátt fyrir að hækkunin tapist.



Niðurstaðan var skýr, 59,7% þeirra sem svöruðu spurningunni vildu tryggja gildi kjarasamninganna, 27,2% vildu segja þeim upp þrátt fyrir að hækkun myndi tapast en 13,1% höfðu ekki skoðun á þessu. Þannig að ef eingöngu er horft til þeirra sem tóku afstöðu þá vildu 68,7% tryggja gildi kjarasamninganna! Í ljósi þessarar afstöðu félagsmanna beitti RSÍ sér fyrir því að tryggja gildi kjarasamninganna en þó þannig að reynt yrði að sækja bót þeirra samninga sem síðan varð raunin að nokkru leyti en samningstíminn var stytur um 2 mánuði og því renna flestir kjarasamningar út 30. nóvember næstkomandi

Alls tóku 1.242 félagsmenn þátt í könnuninni en könnunin var send rafrænt á rétt um 3.000 manns. Við hefðum að sjálfsgöðu viljað sjá meiri þátttöku í þessari könnun enda vart hægt að hafa slíkar kannanir auðveldari til svörunar.



Til þess að gefa okkur örlitla innsýn inn í vilja félagsmanna, ef kjarasamningum hefði verið sagt upp, þá var spurt nokkurra spurninga er snúa að áherslum sem RSÍ ætti að leggja á í komandi viðræðum. Til þess að gefa mynd af niðurstöðum þá eru nokkur kökurit sem sýna niðurstöður spurninganna. Þess ber þó að geta að stefnt er að því að senda út ítarlegri skoðanakönnun til félagsmanna síðar á þessu ári til að nýta til undirbúnings fyrir næstu kjaraviðræður.

RSÍ - SA/SART (almenni samningurinn) (1)	36.68%	RSÍ - Norðurorka (12)	0.49%
RSÍ - Ríki eða sveitarfélag (2)	3.95%	RSÍ/FÍB- Skipti/Síminn (13)	6.58%
RSÍ - Alcoa Fjarðará (3)	1.07%	RSÍ - Skipti/Síminn/Mila (14)	7.81%
RSÍ - ISAL (4)	2.06%	RSÍ - Já upplýsingaveitur (15)	0.90%
RSÍ - Norðurái (5)	1.07%	RSÍ - Félag atvinnurekenda (16)	2.14%
RSÍ - Elkem (6)	0.08%	RSÍ - 365 miðlar (17)	1.15%
RSÍ - Orkuveita Reykjavíkur (7)	2.47%	RSÍ - Kvikmyndahús (18)	0.25%
RSÍ - RARIK (8)	3.29%	RSÍ - Kögun (19)	0.16%
RSÍ - Landsvirkjun (9)	1.73%	RSÍ - Steinullarverksmiðjan (20)	0.16%
RSÍ - Landsnet (10)	0.74%	Ég veit það ekki (21)	6.25%
RSÍ - HS Orka (11)	0.41%	Annar samningur (22)	14.06%

Vertu á verði!

Í kjölfar þess að kjarasamningar voru framlengdir í janúar síðastliðnum var ljóst að nauðsynlegt yrði að gera allt sem mögulegt væri til þess að vinna gegn verðbólgu sem hefur verið alltof há á undanförunum árum og síðasta áratuginn. Meðaltals verðbólga frá 2001 hefur verið yfir 5,5%. Ein leið til þess að auka kaupmátt launa er að tryggja að verðlag haldist stöðugt þrátt fyrir að laun hækki og því er það á ábyrgð atvinnurekenda, kaupmanna og ríkisvaldsins að velja ekki hækkunum út í verðlagið jafnóðum og gengi íslensku krónunnar sveiflast upp og niður. Nauðsynlegt er að halda í við allar slíkar hækkningar og aðhalds skal gætt við hækkningar á sköttum sem hafa áhrif á vöruverð til hækkunar.

Til að gera úrslitartilraun við að draga úr verðbólgu var ákveðið að opna vefsíðu þar sem landsmenn allir geta sett inn pósta þegar fólk verður vart við hækkningar eða lækkningar hjá kaupmönnum eða öðrum þeim aðilum sem selja vörur eða þjónustu, hjá ríki, sveitarfélögum eða einkaaðilum. Viðbrögð hafa verið virkilega góð og er almenningur duglegur við að benda á það sem betur má fara.



Í kjölfar þessa var einnig ákveðið að styrkja verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands og gera það meira áberandi með sama markmiði og að reyna að halda aftur af verðbólgu. Á undanförunum mánuðum hefur starfsmönnum ASÍ ítrekað verið vísað frá í ákveðnum verslunum sem hefur gert það að verkum að ómögulegt er að upplýsa almenning um þær verðlagsbreytingar sem umræddar verslanir stuðla að. Til þess að reyna að koma í veg fyrir að fleiri aðilar myndu feta í sömu fótspor, en einnig að gera það mögulegt að fylgjast með þessum verslunum, var ákveðið að senda forsvarsmenn nokkurra verkalyðsfélaga í verðlagseftirlit og sjá hvort verslunareigendur Kosta, Víðis, Hagkaupa eða Nóatúns myndu bakka með þessa stefnu sína og heimila verðlagseftirlit. Skemmst er frá því að segja að svo var ekki, þremur formönnum var vísað á dyr í verslunum en forseti ASÍ fékk einn að ljúka við eftirlitið í Hagkaupum, enda með Kastljós RÚV með sér.



Í kjölfar þessa var eftirfarandi pistill birtur á heimasíðu RSÍ:

Formanni Rafiðnaðarsambands Íslands vísað á dyr í Nóatúni!

Í gær tók formaður Rafiðnaðarsambands Íslands þátt í verðlagseftirliti ASÍ. Var það hlutverk formanns að taka niður verð á fyrirfram ákveðnum vörum í Nóatúnsverslun við Nóatún í Reykjavík. Nákvæmlega var búið að skilgreina hvaða vörur átti að skoða, hversu mikið magn var í ákveðinni einingu og hvert verðið á henni væri eins og verk-lagsreglur ASÍ skýra mjög skilmerkilega.

Það er skemmst frá því að segja að formanni RSÍ var vísað á dyr í miðri könnun og ítrekað var að hann mætti ekki skrá niður vöruverð þessarar verslunar. Skýr skilaboð voru frá stjórnendum Kaupáss að Verðlagseftirlit ASÍ má alls ekki taka niður verð á vörum verslunarinnar! Ítrekað var óskað eftir að fá að ræða við verslunarstjóra sem lét ekki ná í sig þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir starfsmanns. Formanni RSÍ var bannað að nýta þær upplýsingar sem hann þó náði að skrifa niður.

Það er virkilega sérkennilegt að þeir einu sem ekki hafa heimild til þess að skoða vöruverð er sá aðili sem miðlar upplýsingum til almennings um vöruverð viðkomandi verslana. Starfsmenn Bónuss fá til að mynda að skrá niður allt vöruverð búðarinnar rafrænt. Er þetta gert til þess að verlsanir geti skipt á milli sín þeim gróða sem al-

menningur verður af? Getur verið að þetta sé í raun ólöglegt samráð verslanakeðjanna sem stuðlar að því að gera neytendum ómögulegt að átta sig á verðlagi og velta hækkunum sífelld beint út í verðlagið sem hækkar skuldir og eykur greiðsluþyngi heimilanna?

Því hefur verið kastað fram af hálfu þessara aðila að verðlagseftirlit ASÍ standi ekki rétt að þessu eftirliti, ekki sé verið að bera saman sömu vörur. Þetta er RANGT! Nú hef ég reynt þetta sjálfur. Ég versla mikið inn fyrir heimilið og þekki því vel til verslana, verið er að bera saman nákvæmlega sömu vörur í mismunandi verslunum. Verð er skráð niður á vörum sem innihalda nákvæmlega jafn mikið magn af viðkomandi varningi, í jafnstórum einingum. Jafnframt er skráð niður lægsta vöruverð tiltekinn flokka eins og lægsta fáanlega lítraverð á Léttmjólk.

Ef þessi aðferðarfræði ASÍ er röng þá má jafnframt spyrja hvernig Hagstofa Íslands getur tryggt það að vísitala neysluverðs (notuð til verðbólguútreikninga) sé rétt skráð? Hagstofan hringir í fjölda fyrirtækja og óskar eftir verðupplýsingum á tilteknum vörum í gegnum síma. Hagstofan fer í verslanir og framkvæmir könnun með sama hætti og ASÍ. Verslanir senda inn lista til Hagstofunnar með verðum ákveðinna vara sem Hagstofan óskar eftir.

Nú spyr ég sem leikmaður: Er eðlilegt að aðilar sem geta haft bein áhrif á verð vöru sendi Hagstofunni vöruverð rafrænt eða í gegnum síma? Gefur slík könnun nægilega góðan grunn til þess að mynda vísitölu sem hefur áhrif á allar skuldir og hefur bein áhrif á vaxtastig í landinu með herra vöruverði og aukinni verðbólgu?

Hvað hafa verslunareigendur Nóatúns að fela fyrst þeir vísa formanni Rafiðnaðarsambands Íslands á dyr ásamt starfsmönnum ASÍ sem standa að verðlagseftirlitinu? Af hverju í ósköpunum má almenningur ekki vita hvernig vöruverð þróast í búðum og fá samanburð á vörum mismunandi verslanakeðja? Af hverju eigum við, almenningur, að leyfa þessum aðilum að komast upp með að þetta! Er ekki kominn tími til að rísa upp gegn verslunum landsins, fyrst þær vilja ekki vera í liði með þjóðinni, og að allur almenningur fari í verðkannanir í enn meiri mæli og skrái á www.vertuaverdi.is

Tökum höndum saman og náum fram stöðugleika í verðlagi á Íslandi í eitt skipti fyrir öll!

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands



Starfsemi RSÍ

Rekstur Rafiðnaðarsambandsins hefur gengið vel undanfarið ár. Árið hefur að þó nokkru leyti farið í kjarasamninga og vinnu við endurskoðun þeirra. Sá tími hefur þó verið tiltölulega lítill í samanburði við þann tíma þegar allir samningar eru lausir. Unnið hefur verið í verkferlum og ýmsum skráningarformum sem snúa að auknum samskiptum við félagsmenn. Án þess að farið verði djúpt í öll mál má nefna nokkrar nýjungar sem birst hafa á heimasíðu RSÍ á undanfögnu ári og eru til bóta.

Sett hefur verið upp umsóknareyðublað á vefsíðuna þar sem tilvonandi nýjir félagsmenn geta skráð upplýsingar um sig, hvaða menntun viðkomandi hefur, hvar hann starfar, eftir hvaða kjarasamningi starfað er eftir og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Með þessu móti verður mögulegt að halda betur utan um okkar félagsmenn, gefur okkur möguleika á að greina menntun betur og þar með koma til móts við ólíka hópa í eftirmenntun svo eitthvað sé nefnt. Þetta vekur athygli okkar fólks jafnframt gagnvart kjarasamningum og þeim réttindum sem fólk nýtur.

Nú þegar hafa fjölmargir óskað eftir inngöngu í aðildarfélög RSÍ með þessu móti og er hverjum umsækjanda sent formlegt erindi með leiðbeiningum um móttöku á umsókn en jafnframt frekari upplýsingum um næstu skref.

Fyrir á þessu ári hóf skrifstofa RSÍ að senda formleg erindi til þeirra félagsmanna sem eru við það að detta út af félagaskránni sökum þess að greiðslur hafi hætt að berast. Í einhverjum tilvikum hefur ástæðan verið að viðkomandi félagsmaður hafi skipt um vinnu og nýr vinnuveitandi hefur borgað í eitthvað annað verkalýðsfélag en starfsmaður vildi. Jafnframt geta komið upp tilfelli þar sem atvinnurekandi hefur tekið félagsgjaldið af launum viðkomandi en hvorki skilað inn skilagrein né greitt upphæðina til innheimtustofnunar. Mikið hefur verið kallað eftir því að RSÍ upplýsi félagsmenn um slíkar breytingar og er það gert í dag.

Nú geta félagsmenn og aðrir áhugasamir jafnframt sent RSÍ athugasemdir inn beint í gegnum heimasíðuna. Þær ábendingar sem nú þegar hafa komið hafa m.a. snúið að kjarasamningum og almennum fyrirspurnum. Þetta er ágæt viðbót við tölvupóst-samskiptin þó svo þetta sé mikið minna notað.

Helstu kennitölur úr bókhaldi

Félagsgjöld til RSÍ árið 2012 (iðgjöld félagsmanna) námu alls 155,5 milljónum króna og hækkuðu um 17,6 milljónir, það jafngildir 12,8% hækkun á milli ára. Hlutföll á skiptingu félagsgjaldsins er óbreytt á milli ára en því var síðast breytt á þingi RSÍ árið 2011. Skiptingin er nú með þeim hætti að Sambandssjóður fær 44%, Styrktarsjóður 1%, Orlofssjóður 16% og Menningarsjóður 4%.

Heildartekjur sjóða sambandsins voru rúmar 504 milljónir en það er hækkun úr tæpum 460 milljónum 2011 eða rétt um 9,6%. Heildarrekstrargjöld námu um 451 milljónum og er rekstrarafkoma allra sjóðanna fyrir fjármagnsliði 53 milljónir en voru 26 milljónir 2011.


Rekstrarafkoma Sambandssjóðs 2012 var jákvæð um 1,2 milljónir króna en var rekinn með 7 milljóna króna halla 2011. Aukning varð á tekjum Styrktarsjóðs um 7%, útgjöld aukast um 4,6%. Mest hlutfallsleg aukning var í eingreiddum dánarbótum. Sjóðurinn getur lítið gert til þess að bregðast við sveiflum í eingreiddum dánarbótum enda fara útgreiðslur eftir fjölda andláta félagsmanna. RSÍ stendur mikið framur öðrum félögum í eingreiddum dánarbótum og getur RSÍ verið stolt af þeim.

Launakönnun RSÍ

Launakönnun RSÍ fyrir septembermánuð, var gerð í október síðastliðnum. Capacent hefur séð um gerð launakannana fyrir RSÍ undanfarin ár og má segja að ágætur gagnagrunnur sé kominn með þróun launa félagsmanna aðildarfélaganna RSÍ. Hér verður tæpt á helstu niðurstöðum, félagsmenn eru hvattir til þess að kynna sér niðurstöðurnar í heild sinni á vef RSÍ undir liðnum „Útgáfa“.

Heildarlaun fólks í fullu starfi

	Fjöldi	%	+/-
250 þús. eða lægri	12	2,8	1,6
251-300 þús.	19	4,5	2,0
301-350 þús.	37	8,7	2,7
351-400 þús.	52	12,2	3,1
401-450 þús.	65	15,3	3,4
451-550 þús.	105	24,7	4,1
551-600 þús.	27	6,4	2,3
Hærrí en 600 þús.	108	25,4	4,1
Fjöldi svara	425	100,0	
Tóku afstöðu	425	80,0	
Tóku ekki afstöðu	106	20,0	
Fjöldi aðspurðra	531	100,0	
Spurðir	531	84,3	
Ekki spurðir	99	15,7	
Fjöldi svarenda	630	100,0	
Meðaltal	517.435 kr.		
Vikmörk ±	18.061 kr.		
Staðalfrávik	189.204 kr.		
Miðgildi	480.000 kr.		
Tíðasta gildi	400.000 kr.		




Vinnutími félagsmanna styttest á milli ára en árið 2012 var vinnutími að meðaltali 182 klst á mánuði en árið 2011 voru þetta að meðaltali 186 klst. Yfirvinnutímum fækkaði úr 26 klst á mánuði niður í 23 klst. Heildarlaun fólks í fullu starfi hækkðu að meðaltali um 8,1% þrátt fyrir að vinnutími styttest og voru heildarlaunin að meðaltali 517.435 kr. Heildardagvinnulaun hækkðu hins vegar meira á milli ára eða um 11,4% og voru



að meðaltali 408.139 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu. Athygli vakti að laun kvenna með sveinspróf eða meiri menntun er að meðaltali rúmum 18% hærrí en laun karla með sambærilega menntun. Sama gildir þegar heildarlaun kynjanna eru borin saman og tekið er tillit til yfirvinnustunda. Karlar, sem höfðu lokið sveinsprófi eða meiri menntun, voru með að meðaltali 550.100 kr í heildarlaun en konur voru að meðaltali með 544.143 kr. í heildarlaun á mánuði en unnu að meðaltali 11 klst í yfirvinnu á mánuði en karlar unnu að meðaltali 23 klst. í yfirvinnu. Athygli hefur ætíð verið vakin á þessu á vef RSÍ enda sýnir þetta og sannar að rafiðngreinar henta konum jafnt sem körlum og eru konur sem lokið hafa sveinsprófi eftirsóttar á markaðnum.

Heildardagvinnulaun fólks í fullu starfi

	Fjöldi	%	+/-
200 þús. eða lægri	8	2,0	1,4
201-250 þús.	26	6,5	2,4
251-300 þús.	57	14,2	3,4
301-350 þús.	81	20,2	3,9
351-400 þús.	54	13,5	3,3
401-450 þús.	60	15,0	3,5
Hærrí en 450 þús.	115	28,7	4,4
Fjöldi svara	401	100,0	
Tóku afstöðu	401	75,5	
Tóku ekki afstöðu	130	24,5	
Fjöldi aðspurðra	531	100,0	
Spurðir	531	84,3	
Ekki spurðir	99	15,7	
Fjöldi svarenda	630	100,0	
Meðaltal	408.139 kr.		
Vikmörk ±	14.132 kr.		
Staðalfrávik	143.767 kr.		
Miðgildi	380.000 kr.		
Tiðasta gildi	350.000 kr.		



Vinnustaðaheimsóknir

Í síðustu fundarferð RSÍ voru ýmsir vinnustaðir sóttir heim og mæltist það vel fyrir. En í þeim tilfellum þar sem vinnustaðir voru heimsóttir þá var það að ósk RSÍ í langflestum tilfellum þó var það í nokkrum tilfellum sem jafnvel atvinnurekendur höfðu komið að máli við starfsmenn og viðrað þær hugmyndir að gaman væri að fá okkur á staðinn. Nú hefur það jafnframt verið auglýst á heimasíðunni að við viljum endilega að félagsmenn óski eftir heimsókn frá okkur og skal það gert í samráði við atvinnurekendur ef fundurinn á að vera á vinnutíma. Í dag hefur ein ósk komið en nauðsynlegt þótti að fresta þeim fundi af hálfu félagsmanna en verður vonandi haldinn á næstunni. Við hvetjum félagsmenn áfram að vera í sambandi við okkur ef vilji er til að fá starfsmenn RSÍ í heimsókn.

Breytingar á 3. hæð Stórhöfða 31

Breytingar urðu á starfsemi verkályðsfélaganna á Stórhöfða 31 síðastliðið haust þegar Félag bókagerðarmanna (FBM) flutti af Hverfisgötunni til okkar á 3. hæðina.

Skrifstofurými sem FBM leigir af RSÍ og MATVÍS er í austurenda hæðarinnar ásamt því að starfsmaður er í hluta af opnu rými í móttökunni. Samstarfið hefur gengið mjög vel og nýta félögin þau samlegðaráhrif sem af nánú samstarfi hlýst.



Sameiginlegur starfsmaður

Sameiginlegur starfsmaður RSÍ, MATVÍS og FBM var ráðinn í sameiginlega móttöku félaganna/sambandsins. Gerður Helgadóttir heitir hún. Gerður sinnir ýmsum verkefnum fyrir alla aðila og er það fyrst og fremst móttaka á umsóknum félagsmanna, símsvörun og önnur tilfallandi verkefni.

Vinnustaðaeftirlit

Rafiðnaðarsamband Íslands tekur þátt í vinnustaðaeftirliti sem er samstarfsverkefni aðildarfélaganna ASÍ og SA. Sigurður Steinarsson hefur sinnt eftirlitinu fyrir okkar hönd ásamt því að Ísleifur Tómasson og Björn Eysteinnsson hafa liðsinnt honum eftir þörfum. Eftirlitið fer á hina ýmsu vinnustaði svo sem byggingastaði og ýmis verkstæði. Á hverjum stað eru vinnustaðaskirteini viðkomandi starfsmanna skoðuð og nöfn og kennitölur skráðar niður í miðlægt skráningarkerfi. Farið er yfir menntun viðkomandi starfsmanna síðar.

Ótrúlega oft kemur í ljós að þeir starfsmenn sem eru við vinnu t.d. á byggingastað eru að þiggja atvinnuleysisbætur og eru þar af leiðandi ekki á launaskrá viðkomandi verktaka. Sem sagt vinna svart á bótum. Í þeim tilfellum eru viðkomandi aðilar sviptir bótum og í flestum tilfellum fara viðkomandi aðilar beint inn á launaskrá viðkomandi verktaka. Það er samfélaginu dýrt að halda úti atvinnuleysisbótum fyrir þá aðila sem ekki eru í raunverulegu atvinnuleysi og því nauðsynlegt að taka hart á slíkum tilfellum.



Lögfræðingur

Í september 2012 tók Dagný Aradóttir Pind við starfi lögfræðings RSÍ af Halldóri Oddssyni, en hann fór til starfa hjá ASÍ. Halldór var í fæðingarorlofi fyrri hluta árs og leysti Bjarki Sigursveinsson hann þá af. Félagsmenn eru iðnir við að nýta sér lögfræðipjónustu félagsins og unnu lögfræðingar félagsins að fjölmörgum málum og veittu ráðgjöf í ýmsum málaflokkum.

Tvö mál fóru til dómstóla á árinu 2012. Annað varðaði uppsögn og uppgjör vegna hennar og var það mál sætt í samræmi við kröfur launþegans áður en til aðalmeðferðar kom. Hitt málið var höfðað gegn Milu ehf. og varðaði samkomulag um 10% launalækkun sem allir rafiðnaðarmenn hjá Skiptum og dótturfyrirtækjum tóku á sig haustið 2008. Samkomulagið var kynnt fyrir starfsfólki undir þeim formerkjum að allir myndu halda vinnu ef launalækkun yrði samþykkt, eða að kostirnir væru að „fækka eða lækka“, svo notuð séu orð fyrrum forstjóra Skipta. Um ári síðar var töluverðum fjölda rafiðnaðarmanna sagt upp störfum hjá Milu og taldi félagsmaður RSÍ þá að forsendur samkomulagsins hefðu brostið. Höfðað var mál á þeim grundvelli og féll dómur í janúar 2013. Ekki var tekið undir kröfur RSÍ í því máli, en vitað var frá upphafi að erfitt yrði að ná fram dómi um brostnar forsendur. Sambandið ákvað þó að láta reyna á málið þar sem um formdæmisgefandi mál, sem hefði getað haft víðtæk áhrif, var að ræða.

Á vormánuðum 2013 hefur tveimur málum félagsmanna RSÍ verið stefnt fyrir Héraðsdóm og eitt hefur verið þingfest í Félagsdómi.

VIRK starfsendurhæfing

Starfsendurhæfingarfulltrúar RSÍ eru í dag tveir talsins, þær Sigrún Sigurðardóttir og Hlín Guðjónsdóttir og eru þær staðsettar á Stórhöfða 27, 2. hæð. Sigrún hefur starfað hjá RSÍ frá árinu 2009 eða frá upphafi þess að boðið var upp á starfsendurhæfingarráðgjöf hjá RSÍ. Hlín hóf störf þann 1. apríl 2012 og hefur því starfað hjá RSÍ í rúmt ár. Gríðarlegur fjöldi félagsmanna fær þjónustu hjá ráðgjöfum okkar sem leita allra leiða til að aðstoða fólk við að komast aftur út á vinnumarkaðinn.

Forsenda þess að geta fengið ráðgjöf hjá VIRK er að starfsmaður sé, sökum veikinda, dottinn út af vinnumarkaði eða er í veikindaleyfi hjá atvinnurekanda. VIRK býður þeim sem uppfylla skilyrði um þjónustu upp á ýmis úrræði sem henta hverjum og einum. Það skal tekið skýrt fram að ráðgjafar okkar veita ekki lækniþjónustu né taka skjólstæðinga til meðferðar að neinu leyti. Nánari upplýsingar um þjónustu VIRK er að finna á heimasíðunni www.virk.is.

Fundir miðstjórnar

Á síðasta starfsári fundaði miðstjórn RSÍ 13 sinnum. Miðstjórn er æðsta vald RSÍ á milli sambandsstjórnarfunda sem haldnir eru árlega og eru allar ákvarðanir sem snúa að starfsemi RSÍ, breytingum á skipulagi eða öðrum rekstrarþáttum, í höndum miðstjórnar. Miðstjórn skipar fólk til trúnaðarstarfa í hinum ýmsu málefnanefndum og má þar nefna launanefnd, laganefnd, orlofsnefnd og golfnefnd. Nefndirnar fjalla um þau málefni sem miðstjórn felur þeim á hverjum tíma, þær senda síðan tillögu/afstöðu nefndarinnar til miðstjórnar sem síðan afgreiðir viðkomandi mál. Fundargerðir

miðstjórnar er að finna á heimasíðu RSÍ, www.rafis.is, og eru þær staðsettar undir flípanum Stjórnir RSÍ, smella þarf á Miðstjórn hægra megin á síðunni og þá birtast þær.



Miðstjórn RSÍ 2011 - 2015, tekin sumarið 2012. Frá vinstri, fremri röð: Kristín Þóra Benediktsdóttir, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Guðrún S. Bergþórsdóttir, Sigurjón Ingvarsson.

Aftari röð frá vinstri: Andri Jóhannesson, Einar Á. Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Eyjólfur Ólafsson, Jens H. Ragnarsson, Grétar B. Guðmundsson, Sighvatur D. Sighvatz, Helgi Jónsson, Jón Ingi Skúlason Öfjörð, Sigurjón Ólason.

Á myndina vantar: Jakob Tryggvason, Sigurður Sigurðsson, Georg Georgsson, Júlía Þórðardóttir, Ómar Baldursson, Svanborg Hilmarsdóttir.

200 þúsund naglbítar

200 þúsund naglbítar er fasteignafélag sem er 75% í eigu Rafiðnaðarsambands Íslands og 25% í eigu MATVÍS. Félagið var stofnað 1999 utan um byggingu þess húsnæðis sem RSÍ og MATVÍS eiga í sameiningu. Um er að ræða húsnæðið Stórhöfði 29 að öllu leyti, hluta af Stórhöfða 31, 2. hæð Stórhöfða 27, þar sem VIRK starfsendurhæfingarráðgjafar, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins og Ákvæðisvinnustofa rafiðna eru með starfsemi sína ásamt fleirum. 200 þúsund naglbítar eiga jafnframt 4. hæð húsnæðisins en miðstjórn tók ákvörðun á fundi sínum þann 21.09.2012 að stjórn 200 þúsund naglbíta skyldi vinna að kaupum þess húsnæðis af Hildu fasteignafélagi Seðlabanka Íslands. Um er að ræða ríflega 200 m² skrifstofu húsnæði með mótökurými. Mjög skemmtilega innréttuð hæð. Unnið er að því að skipuleggja nýtingu hæðarinnar og þá verður húsnæðið væntanlega leigt út í heild sinni.

Rekstur 200 þúsund naglbíta gengur nokkuð vel, félagið á miklar eignir í húsnæði á Stórhöfða og hefur leigutekjur upp á um 50 milljónir á ári. Langtímaskuldir félagsins eru upp á 197 milljónir rúmar og tæpar 27 milljónir í skammtímaskuldir (samkvæmt ársreikningi 2011).



Félagið hefur tekjur af leigu húsnæðisins á Stórhöfða 29 til Íslandspósts en sömu leigjendur hafa verið í húsnæðinu frá byggingu þess. Jafnframt leigja Fræðsluskrifstofan, Ákvæðisvinnustofan, Mjólkurfræðingar og RSÍ skrifstofurými af félaginu.

Menntasjóður Rafiðnaðarins

Menntasjóður Rafiðnaðarins var stofnaður 2003 og er stjórnað af samtökum í rafiðnaði, Rafiðnaðarsambandi Íslands og Samtökum rafverktaka (SART). Sjóðurinn heldur utan um eftirmenntunargjald allra aðildarfélaga RSÍ að FÍS undanskyldum. Tekjur sjóðsins voru árið 2011 að upphæð 183 milljónir króna. Menntasjóðurinn heldur utan um fjármögnun á menntastofnunum RSÍ og SART. Um er að ræða Rafiðnaðarskólann ehf, Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins og gamla Rafiðnaðarskólann. Menntasjóðurinn fjármagnar jafnframt námskeiðsstyrki til félagsmanna RSÍ sem Rafiðnaðarskólinn sér um úthlutun á. Sá styrkur getur að hámarki orðið 75.000 kr og er skilyrtur við fagtengd námskeið sem ekki er boðið upp á í Rafiðnaðarskólanum. Eignir sjóðsins voru samkvæmt ársreikningi 2011 að upphæð 34 milljónum en þess ber að geta að sjóðurinn er ekki söfnunarsjóður heldur hefur það verið stefna að sjóðurinn fjármagni rekstur áðurnefndra aðila og greiði upp afgang skulda Gamla Rafiðnaðarskólans. Örlítið var gengið á eignir sjóðsins eða um 56.851 kr.

Óendurskoðaðar tölur fyrir árið 2012 sýna tekjur upp á rúmar 195 milljónir og útgreiðslur upp á 195 milljónir. Áætlun fyrir árið 2013 gerir ráð fyrir að tekjur Menntasjóðsins verði upp á rúmar 201 milljón og að útgreiðslur verði upp á tæpar 205 milljónir.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins

Starfsemi Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins var með hefðbundnu sniði árið 2012. Helstu verkþættir stofunnar er að sinna sveinsprófum, námskrám allra rafiðngreina, raunfærnimati, rafbók og annarri vinnu fyrir starfsgreinaráðið. Mestur tími fer í sveinsprófin og undirbúning þeirra ásamt vinnu við raunfærnimat.

Sveinspróf

Á árinu 2012 luku 114 nemendur sveinsprófi í rafvirkjun, 23 luku sveinsprófi í raf-eindavirkjun og 4 luku sveinsprófi í rafveituvirkjun. Alls voru gerðir 82 námssamningar í rafvirkjun, 22 í rafeindavirkjun og 1 í rafveituvirkjun.

Raunfærnimat

Í raunfærnimati voru 47 þáttakendur sem fóru í 261 matsviðtal og fengu 190 áfanga metna upp á samtals 455 einingar. Á þessu ári og því næsta er stefnt að því að greina betur þarfir rafiðnaðarmanna á aukinni menntun, sérstaklega hjá þeim sem ekki hafa lokið formlegri framhaldsmenntun. Þetta er gert í tengslum við kjarasamninga en jafnframt til þess að mæta markmiðum stjórnvalda um 2020 markmið en þar er markið sett á að á vinnumarkaði verði fjöldi þeirra sem ekki hafi lokið framhaldsmenntun að loknum grunnskóla undir 10% fólks á vinnumarkaði.

Rafbókin

Á síðasta árin náðist stór áfangi í málefnum Rafbókarinnar en þá var lokið við þýðingu á öllum rafbókum rafmagnsfræðinnar fyrir rafvirkja, þá er um að ræða námsefni fyrir

1. - 7. önn. Þetta eru 21 hefti sem eru samtals 1.200 síður en í heild er íslenskt kennsluefni samtals 65 hefti upp á 3.140 síður. Það er stefna RSÍ að standa við bakið á Rafbókinni en sambandið hefur gefið loforð fyrir 6-8 milljónum í verkefnið. Gengið var á það loforð á síðasta ári þegar 3,5 milljón var lögð í verkefnið og gera áætlanir ráð fyrir að 2,5 milljón fari í verkefnið á árinu 2013. Það skiptir nemendum í rafiðngreinum miklu máli að fá aðgang að kennsluefni án þess að þurfa að greiða fyrir efnið enda hefur ungt fólk í námi oft á tíðum minni getu til mikilla fjárútláta.

Á síðasta ári heimsóttu um 7.600 manns heimasíðu Rafbókarinnar og voru 14.800 flettingar. Langflestir voru staðsettir á Íslandi þegar síðan var skoðuð. Þess ber að geta að síðan er þannig uppbyggð að flettingar þurfa ekki að vera margar til þess að sækja efnið heldur er viðkomandi hefti fundið á síðunni og því hlaðið niður í tölvu viðkomandi sem síðan vinnur með efnið. Það má því segja að þessi aðsókn sé gríðarlega mikil og væntanlega eru okkar félagsmenn úti á vinnumarkaðnum jafnframt að skoða síðuna og afla sér upplýsinga.

Í dag er unnið að því að koma ÍST200 staðli inn á síðuna í einhverju formi þannig að staðallinn verði aðgengilegur félagsmönnum og öðrum notendum í formi uppflertirts eða handbókar þó svo að staðallinn í heild verði mögulega ekki aðgengilegur sökum stífra reglna hjá Staðlaráði Íslands.

Ferilbók rafiðnaðarmannsins

Fræðsluskrifstofan vinnur að gerð Ferilbókar fyrir rafiðnaðarmanninn. Bókin verður með þeim hætti að nemendur í rafiðngreinum munu geta skráð öll sín verkefni í ferilbókina. Á samningstíma verða allir verkþættir skráðir sem nausðynlegt er að viðkomandi nemi vinni að. Að loknum skóla verða þessar upplýsingar aðgengilegar sem og upplýsingar um sveinspróf. Jafnframt verði mönnum gert kleyft að skrá frekari upplýsingar á sínum starfsferli. Gert er ráð fyrir að Ferilbókin verði farin að mótast eitthvað næstkomandi haust en undirbúningsvinna er mikil og nauðsynlegt er að horfa til lengri tíma og fullmóta kerfið frá upphafi.

Skýrsla stjórnar Rafiðnaðarskólans fyrir árið 2012

Stjórn Rafiðnaðarskólans er þannig skipuð: *Ásbjörn Jóhannesson*, framkv.stj SART, *Ásmundur Einarsson*, Elnet, *Sigurður Sigurðsson*, Landsnet og *Ásvaldur Kristjánsson*, Landsspítali. Varamenn eru *Helgi Rafnsson*, Rafholt og *Jakob Tryggvason*, EXTÓN.

Ásbjörn R Jóhannesson tók við formennsku í stjórn skólans á síðasta aðalfundi, en hann kom inn í stjórnina í stað Ómars Hannessonar. Sigurður Sigurðsson kom á sama tíma nýr inn í skólastjórnina í stað Björns Ágústssonar. Eru Ómari og Birni Ágústi þökkuð störf þeirra í þágu skólans þann tíma sem að þeir voru í skólastjórninni.

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á síðasta ári auk aðalfundar, stjórnarfundir eru venjulega haldnir fyrsta mánudag hvers mánaðar.



Sú breyting varð á starfsemi skólans á síðasta ári að Sigurður Geirsson lét af starfi skólastjóra um áramótin 2011/2012, fór í 50% starf á vormánuðum. Hann sinnir áfram kennslu á þeim námskeiðum sem hann hefur verið með hingað til.

Að öðru leyti hefur ekki orðið breyting á starfsmannahaldinu en starfsmenn skólans eru 7, tveir í 50% starfi og einn í 60%. Fimm af starfsmönnum skólans kenna á námskeiðum en auk þess voru 14 utanaðkomandi leiðbeinendur sem voru á skrá hjá skólanum, það hefur verið talinn mikilvægur þáttur vegna tengsla við atvinnulíf og verkmenntaskóla að fá leiðbeinendur sem víðast frá auk þess sem að það styrkir og gefur námskeiðunum vægi.

Árið 2012 voru haldin 98 fagnámskeið með 1.002 þátttakendum sem gefur meðaltalið 10,2 þátttakendur á námskeið og fækkaði þeim örlítið frá árinum á undan en þá voru námskeiðin 100 með 1.072 þátttakendum. Sjá töflu 1.

Tafla 1. Yfirlit aðsóknar að skólanum

Fjöldi:	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Nemanda	815	729	1.118	827	1.072	1.002
Námskeiða	88	80	112	85	100	98

Heimild: Rafiðnaðarskólinn

Sum fagnámskeiðin eru haldin oftast en einu sinni á önn og má þar t.d nefna að námskeið um ljósleiðara. Einnig var eftirspurn eftir námskeiðinu um „Tæknireglur um fjar-skiptalagnir í íbúðarhúsnæði“ sem er fróðlegt og gefur til kynna vitundarvakningu og nauðsyn þess að setja þennan þátt í ákveðinn farveg og getur leitt til meiri eftirspurnar eftir þessu námskeiði.

Ávallt er eitthvað um það að námskeið séu felld niður vegna ónógrar þátttöku og er það mest áberandi í lok annar og er þá oftast um aukanámskeið sé að ræða. Þó getur komið upp sú staða að halda verður námskeið þrátt fyrir dræma þátttöku og sérstaklega ef um námskeið sem tengjast meistaranámi er að ræða.

Með stuðningi RSÍ hefur atvinnulausum félagsmönnum verið gert kleift að sækja námskeið í skólanum sér að kostnaðarlausu. Ekki var mikið um að atvinnulausir nýttu sér þetta á árinu.

Jöfn og góð aðsókn hefur verið í Meistaraskóla sterkstraums og jaðrar við að hægt væri að hafa tvo hópa á önn en þar sem skólinn notast, sem fyrr segir, mikið við utanaðkomandi leiðbeinendur er takmörkum háð hversu oft hægt er að halda sama námskeiðið. Um 30 þátttakendur byrjuðu á síðasta ári í meistaranámi sterkstraums og jafnframt útskrifuðust 20 - 25 á árinu. Ef þetta er borið saman við tölur frá Mannvirkjastofnun um þá sem sækja um löggildingu (B-löggildinu), þá sést að skólinn er alveg að anna eftirspurninni. *Sjá töflu 2.* Þó er ekki endilega um það að ræða að þeir sem fari í Meistaraskólann ætli sér að starfa sem sjálfstæðir rafverktakar heldur er markmiðið einnig oft að afla sér meiri þekkingar til að vera hæfari á vinnumarkaði og/eða þá að einhverjir tveir eða fleiri nemendur ætli sér, eins og dæmi eru um, að fara saman út í verktakastarfsemi.

Skólinn hefur reynt að höfða meira til orkuveitnanna með námskeiðahald og var á árinu meðal annars farið í að koma á laggirnar námskeiðum til þess að rafveituvirkjar gætu lokið meistaranámi í faginu.

Tafla 2. Yfirlit yfir aðsókn í Meistaraskóla rafvirkja

Fjöldi nema:	2010	2011	2012
Nemendur:	21	29	31
Útskrifaðir:	24	25	20
Löggildingar hjá MVS (B-löggilding):	25	19	19

Heimild: Rafiðnaðarskólinn og Mannvirkjastofnun

Rafeindavirkjar hafa ekki verið eins margir í meistaranámi en á síðasta ári voru 4 virkir og þrjú útskrifuðust. Þó þetta séu ekki margir, er þetta þó aukning frá árinu 2011 þar sem einn útskrifaðist.

Gert var átak til að fá félagsmenn á námskeið með því að senda út markpósta með reglubundnum hætti og er svörunin við þessum póstum jákvæð þó að hún mætti vera betri og þá sérstaklega hjá veikstraums- og tæknifólkshlutanum.

Rafiðnaðarskólinn og IDAN – fræðslusetur, gerðu með sér samkomulag á árinu þar sem félagsmönnum þessara menntastofnana er gert kleift að geta sótt námskeið hjá báðum stofnunum og nýtt til þess réttindi sín úr eftirmenntunarsjóðum. Er þetta hugsað til hagsbóta fyrir félagsmenn þar sem úrval námskeiða verður meira, þar sem ekki er verið að bjóða upp á sömu námskeið á báðum stöðum. Ætti þessi samningur jafnvel að verða til þess að námskeið verði síður felld niður vegna ónógrar þátttöku. Einnig býður þessi samningur upp á það að menntastofnarnir geta fengið námskeið til sín frá hvor annarri.

Innan skólans er reglulega verið að skoða framboð, fjölbreytni og gæði námkeiða og var ákveðið af hálfu stjórnar skólans að farið yrði í það verkefni að endurskoða starf endurmenntunarnefndanna með það í huga að gera þær virkari en ákveðin deyfð hefur verið í starfi þeirra undanfarin ár. Er stefnt að því að ljúka endurskoðuninni á árinu 2013 og bera niðurstöðuna í kjölfarið undir eigendur skólans, RSÍ og SART.

Mars 2013

Stefán Sveinsson

Skólastjóri

Ákvæðisvinnustofa rafiðna

Árið 2012, voru verkefni starfsmanns líkt og undanfarin ár, þ.e.a.s. að sinna ákvæðisgrundvellingum, kennslu í Rafiðnaðarskólanum, framkvæmd sveinsprófa, þjónustu með geislafljóður og aðstoð við rafverktaka og rafvirkja. Einnig að aðstoða rafverktaka við tilboðsgerð og við lausn deilumála.

Í ákvæðisvinnunefnd eiga sæti Þorvarður Hjaltason og Tómas Tómasson frá RSÍ.



Guðjón Guðmundsson og Sigurður Svavarsson frá SART og er engin breyting þar á frá fyrra ári. Ákvæðisvinnunefnd heldur nokkuð reglulega fundi og fjallar þá um breytingar og nýja liði í ákvæðistaxtanum.

Vefurinn sem hýsir ákvæðisvinnuforritið er talsvert notaður bæði af sveinum og meisturum, notkun hans hefur þó dregist nokkuð saman frá fyrra ári og lýsir það best ástandinu á vinnumarkaðnum þar sem lítið er um að vera í nýframkvæmdum.

Haldið hefur verið áfram með kynningar á ákvæðisgrundvellingum og forritinu bæði meðal sveina og meistara en minna hefur verið um kynningar í fagskólunum en þar innheimti stofan gjald fyrir 2-3 klst. kynningu á ákvæðisgrunninum og noktun forritsins. Dregið hefur verið úr fjárframlögum til skólana og skýrir það minni aðsókn í þjónustu stofunnar á kynningum, sem er miður. Mætti velta því upp hvort þessar kynningar yrðu án gjaldtöku því ákvæðisvinnugrundvöllurinn og notkun hans er samofin störfum rafiðnaðarmanna.

Á síðasta ári hélt Ólafur Sigurðsson tvö þriggja daga námskeið sem eru hluti afmeistaránámi rafvirkja á vegum Rafiðnaðarskólans og eru þetta skyldunámskeið í meistaranáminu. Á þessum námskeiðum sem nefnast Raflagnatækni 1 er farið í ákvæðisvinnugrundvöllinn og gerð tilboða.

Sú hugmynd kviknaði fyrir allöngu hvort mögulegt væri að smíða tilboðsgerðarforrit sem byggt væri að hluta til á ákvæðisgrunninum og væri það staðlað þannig að verkfræðistofur gætu notað það í gerð útboða og rafverktakar sömuleiðis við að gera tilboð í verk. Tilgangurinn með þessu er að raflagnir í nýbyggingum verði í meira mæli í ákvæðisvinnu sem leiðir til launahækkana og hagsbóta fyrir rafiðnaðarmenn í heild. Undirritaður fór á fund með fulltrúum fjögurra verkfræðistofa og bar þetta mál undir þá. Undirtektir voru mjög góðar og haldinn var fundur í lok janúar síðastliðnum þar sem þessi mál voru rædd. Þess ber þó að geta að verði hugmynd þessi að veruleika verður hún ekki fjármögnuð af Ákvæðisvinnustofunni, heldur af þeim aðilum sem nýta sér hana en svona hugbúnaður kostar talsverða peninga.

Ákvæðisvinnustofan skilaði hagnaði á árinu 2012 sem nam rúmum 500 þús kr. og nam eigið fé stofunnar í árslok tæpum 3,5 milljónum króna. Verður þetta að teljast sæmileg afkoma miðað við ástandið í atvinnumálum.

Með samþættingu allra þeirra liða sem hér hafa verið taldir upp hefur fjárhagslegur rekstur stofunar verið viðunandi og gott útlit um að svo verði áfram.

5. apríl 2012

Ólafur Sigurðsson

Ákvæðisvinnustofa Rafiðna



Félagsstarf

Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ

Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ var haldin á Selfossi 25. og 26. október á síðasta ári. Á ráðstefnunni var farið yfir hefðbundin atriði eins og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og hún samþykkt. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri Hagdeildar ASÍ, fóru yfir helstu hagtölur og þeirra sýn á framtíðina. Þorsteinn Gunnarsson, skemmtikraftur, mætti á svæðið og skemmti trúnaðarmönnum eftir til-
töluleg þunga dagskrá. Á föstudeginum var farið yfir starfsemi Stafa lífeyrissjóðs, launakönnun RSÍ og kjaramálin.



Ráðstefnan heppnaðist vel og ljóst er að hún er mikilvægur þáttur í starfsemi RSÍ. Leitast verður við að auka kynningar fyrir trúnaðarmenn á starfsemi RSÍ og tengdra aðila og réttindamálum launþega, enda er þetta vettvangur RSÍ til þess að miðla málum til trúnaðarmanna en ekki síður að heyra frá trúnaðarmönnum, hver staðan er úti á vinnustöðunum.

Fjölskylduhátíð RSÍ

Fjölskylduhátíð RSÍ var haldin helgina 22. - 24. júní síðastliðinn á Skógarnesi við Apavatn. Hátíðin hefur verið haldin í 16 ár en fyrst var hátíðin haldin á Þórisstöðum á 70 ára afmæli Félags íslenskra rafvirkja. Hátíðin hefur verið mjög vinsæl á meðal félagsmanna alla tíð þó svo fjöldi hafi aukist eftir að hátíðin var færð upp á Skógarnes enda stærra svæði og gríðarlega vinsælt enda vel við haldið og glæsilegt í alla staði, en jafnframt hefur félagsmönnum fjölgað mikið á sama tíma.

Á síðustu hátíð voru um 225 tjaldeiningar á svæðinu ásamt því að öll orlofshúsin voru fullnýtt. Því má áætla að 1.300 manns hafi verið á svæðinu í gistingu en það er mjög



varlega áætlað. Gríðarlegur fjöldi mætti á svæðið á laugardeginum enda glæsileg dagskrá allan daginn. Dagskránni lauk með hljómsveitunum Ingó og Veðurguðunum ásamt Bláum OPAL. Veðurguðirnir léku við okkur allan daginn, frábært veður, 22°C hiti og logn. Þegar tók að kvöldi fór að blása og sökum þess og óhagstæðrar vindáttar var ekki mögulegt að kveikja upp í brennunni.

Fjölskylduhátíðin 2013 verður haldin helgina 21. - 23. júní næstkomandi en gera má ráð fyrir að dagskrá verði með tiltölulega hefðbundnu sniði.

Ferð (H)eldri félaga

Þann 27. júní síðastliðinn var farin sumarferð H-eldri félaga RSÍ. Að þessu sinni var farið í skoðunarferð upp á Nesjavelli en þar var Nesjavallavirkjun skoðuð. Nesjavallavirkjun er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur en virkjunin var gangsett árið 1990 og er framleiðslugeta hennar 12 MW af raforku auk þess framleiðir hún 300 MW í varmaorku, þ.e. heitu vatni. Vatnsframeiðslan jafngildir 1.640 l/sekúndu af 83°C heitu vatni.

Á svæðinu er búið að bora 25 borholur sem eru frá 1.000 til 2.200 metra djúpar. Virkjunin hefur verið stækkuð á þessum tíma en upphaflega var raforkuframleiðslan 60 MW en var aukin í tveimur skrefum um 30 MW hvort skipti.

Orkuveita Reykjavíkur á og rekur fjórar virkjanir en þær eru auk Nesjavallavirkjunar, Elliðaárvirkjun, Andakílsárvirkjun og Hellisheiðarvirkjun. Elliðaárvirkjun er elsta virkjunin, hún var tekin í notkun 1921. Raforkan var framleidd með tveimur vélum og flutt eftir háspennurafliðu niður á Skólavörðuholt, framleiðslugeta virkjunarinnar er 3.160 kW og hefur verið frá 1933. Andakílsárvirkjun var tekin í notkun 1947 en utan um reksturinn var stofnað sameignarfélagið Andakílsárvirkjun árið 1942. Orkuveita Reykjavíkur eignaðist þessa virkjun árið 2001, framleiðslugeta virkjunarinnar er 8,2 MW. Hellisheiðarvirkjun er sú yngsta en einnig sú stærsta og er opin gestum alla daga vikunnar. Hellisheiðarvirkjun nýtir jarðvarma til raforku- og heitavatsframleiðslu. Framleiðslugeta hennar er 303 MW af raforku og 133 MW af heitu vatni.

Ferð H-eldri félaga verður farin 26. júní 2013 og verður auglýst sérstaklega síðar.



Spennugolf 2012

Spennugolfið var haldið á Haukadalsvelli Geysi þann 15. júní 2012. Spennugolfið er ætíð vel sótt en þetta var 19 skipti sem Spennugolfið var haldið. Fyrirkomulagið var þannig að farið var með rútu frá Stórhöfða upp að Geysi í Haukadal. Spilaðar voru 18 holur í blíðskaparveðri á krefjandi vellinum. Mótinu lauk með mat og verðlaunaafhendingu. Golfnefnd RSÍ sér um alla skipulagningu á mótinu og safnar styrkjum til fjármögnunar á ýmsum verðlaunum. RSÍ styður ætíð við mótið, til dæmis í formi verðlaunagripa og annarra fjárframlaga.

Fundarferð ASÍ

Í febrúar og mars 2013 hélt Alþýðusamband Íslands í fundarherferð um landið. Fundir voru haldnir með stjórnnum og trúnaðarráðum aðildarfélaga víðsvegar um landið en fundirnir voru jafnframt opnir öllum þeim sem áhuga höfðu fyrir því að sækja fundina. Fundirnir voru almennt nokkuð vel sóttir og þó nokkrar umræður urðu á þeim. En ástæða þessara funda var í fyrsta lagi að heyra í félagsmönnum aðildarfélaga víðsvegar um landið en jafnframt að kynna stefnu ASÍ sem samþykkt hafði verið á síðasta þingi, því fertugasta, sem haldið var í október síðastliðnum.

Þeir efnisflokkar sem teknir voru fyrir voru atvinnu- og menntamál, kjaramál og síðan var farið yfir tillögur ASÍ í húsnæðismálum, bæði fasteignalánakerfi sem og drög að nýju félagslegu húsaleigukerfi.

Atvinnu- og menntamálin

Í atvinnu- og menntamálum er lögð aukin áhersla á að styðja við iðn- og verkgreinar en það er staðreynd að hlutfall þeirra sem velja iðnnám er of lágt, það er skortur á iðnaðarmönnum á Íslandi. Það er skortur á tæknimenntuðu fólki til þess að starfa við nýsköpun og hátækniiðnaðinn. Til þess að geta aukið verðmætasköpun á landinu þurfum við að horfa enn frekar til þess að mennta okkar fólk á þann hátt sem það nýtist þjóðfélaginu í heild. Við höfum „framleitt“ fjöldann allan af bókmenntuðu fólki, hagfræðingum, lögfræðingum og svo framvegis án þess að við höfum horft til þarfa markaðarins. Grunnforsenda þess að halda uppi menntakerfi hlýtur að vera að horfa til þarfa íslensks vinnumarkaðar.

Það þarf að gera menntakerfið sveigjanlegra til þess að taka á móti þeim sem ekki hafa lokið formlegri menntun en það hefur verið gert með raunfærnimati og er mikilvægt að raunfærnimatinu verði haldið áfram. Þess ber þó að gæta að ekki verði gengið nærri þeim greinum sem nú þegar eru á vinnumarkaði og það er ekki nauðsynlegt að hluta niður núverandi iðngreinar eingöngu til þess að fjölga þeim sem hafa lokið formlegu námi. Nauðsynlegt er að auðvelda fólki að ljúka námi sem skilar því sem fjölbreyttustum atvinnumöguleikum að námi loknu.

Leggja á aukna áherslu á sjálfbærni íslensks atvinnulífs og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda landsins til atvinnuuppbyggingar. Við eigum að nýta auðlindir okkar sem best og má þar nefna bættu nýtingu á þeim jarðvarma sem við nýtum eingöngu lítinn hluta af í dag. Mögulegt er að nýta „glatvarma“ til dæmis við framleiðslu á lífrænt ræktuðu grænmeti og mögulega til sprotafyrirtækja.

ASÍ vill líta til fjölbreyttari virkjanakosta en vatnsafls og jarðvarma fyrir öflugt og samkeppnishæft atvinnulíf. Má til dæmis nefna aukna nýtingu á vindorku og mögulegar sjávarfallavirkjanir. Í dag eigum við mikinn auð í fersku vatni sem okkur ber að nýta og fara vel með.

Skógrækt getur gefið fjölda grænna starfa og er jafnframt mótvægisáðgerð gegn losun gróðurhúsalofttegunda að einhverju leyti. Nauðsynlegt er að horfa til sjálfbærni húsa og vistvænna ökutækja. Gríðarleg sóknarfæri eru í grænum orkugjöfum sem við sem þjóð getum verið framarlega í þróun ef við höldum rétt á spöðunum.

Kjaramálin, kaupmátturinn

Á fundunum var farið yfir stöðu kaupmáttar, hvernig þróun kaupmáttar hefur verið á undanförunum misserum. Það er staðreynd að á árinu 2012 jókst kaupmáttur hjá um 55% launafólks en það þýðir jafnframt að hjá 45% alls launafólks hefur kaupmáttur haldist óbreyttur eða dregist saman sökum hárrar verðbólgu. Sú háa og króníska verðbólga sem hefur verið í íslensku hagkerfi undanfarinn áratug varð kveikjan að nýju átaksverkefni sem ASÍ og aðildarfélögin stofnuðu til. Átakið ber nafnið „Vertu á verði“ og var opnuð vefsíða þar sem almenningur getur skráð inn fréttir um fyrirtæki sem lækka vöruverð og gera þeim hátt undir höfði en jafnframt að geta sett inn athugasemdir um þau fyrirtæki sem hafa hækkað vöruverð og því miður hefur sá hluti síðunnar margfaldast í umfangi enda velta fyrirtæki öllum sveiflum á gengi íslensku krónunnar beint út í verðlagið. Styrking krónunnar skilar sér hinsvegar sjaldnast út í verðlagið sem hefur leitt það af sér að verðbólga er sífellt of há.



Kaupmáttaraukning hefur frekar skilað sér til þeirra lægst launuðu enda voru ákvæði kjarasamninga á þann veg að lægstu launataxtar voru hækkaðir um krónutölu sem er hlutfallslega hærri upphæð en hjá þeim sem hærri hafa launin. Hjá iðnaðarmönnum hafa launahækkanir rétt haldið í við verðlag árið 2012 en sú

launahækkun hverfur væntanlega fljótt á árinu 2013 takist ekki að halda aftur af verðbólgunni.

Gengis- og peningamál er nauðsynlegt að fara heildstætt yfir, það þarf að ná samstöðu um stefnu og aðgerðir í gengis- og peningamálum sem geti lagt grunn að lægri verðbólgu og auknum stöðugleika fyrir heimilin sem og atvinnulífið.

Húsnæðislánakerfið

Kynnt var tillaga ASÍ um „nýtt“ húsnæðislánakerfi í stað þess fyrirkomulags sem stendur fólki til boða í dag. Þetta „nýja“ kerfi er rúmlega 200 ára gamalt og hefur verið við lýði í Danmörku allan þann tíma. Kerfið hefur staðið af sér nokkrar kreppur og nokkur stríð. Á sama tíma hefur enginn fjárfestir tapað danskri krónu á sama tíma.



Vaxtakjör sem standa til boða eru jafnvel á hagstæðari kjörum en danska ríkið fær, enda er danskur fasteignamarkaður áreiðanlegur.

Í stuttu máli er kerfið þannig uppbyggt að til staðar eru sérhæfðar húsnæðislána-stofnanir (ekki bankar) og geta eingöngu veitt húsnæðislán. Húsnæðislánin eru grundvölluð á markaðsskráðum skuldabréfum sem eru tryggð með veði í fasteignum. Þegar kaupa skal húsnæði er lán veitt út á allt að 80% veði í fasteigninni og gefin eru út veðskuldabréf. Húsnæðislánastofnunin fer þá og selur skráð skuldabréf á verðbréfamarkaði sem fjárfestar kaupa. Sú ávöxtunarkrafa sem verður á þessum verðbréfamarkaði verða vextir af láninu. Vextir ákvarðast sem sagt ekki af stofnunum



eða fyrirtækjum heldur á markaði. Söluvirði skuldabréfanna fer að öllu leyti til lántakenda að frádregnu lántökugjaldi. Lántaki greiðir síðan afborganir og vexti til húsnæðisstofnunar sem heldur eftir vaxtaálagi sem nauðsynlegt er til að standa undir rekstri stofnunarinnar.



Það hefur sýnt sig undanfarnin áratug að þegar verðbólguþekkt hefur dunið yfir, árin 2001, 2006, 2009 og 2011, þá hefur vaxtaálag á húsnæðislánnum aukist í samræmi við verðbólgu en kjör á óverðtryggðum ríkisbréfum hafa hinsvegar annað hvort staðið í stað

eða tekið örlitlum hækkunum. Markaðurinn hefur sem sagt ekki talið að verðbólga yrði eins há til langs tíma og því hafa vextirnir ekki tekið sömu sveiflur og almennir verðtryggðir eða óverðtryggðir vextir á almennum húsnæðismarkaði. Þetta sýnir að þessi leið er fær hér á Íslandi líkt og í Danmörku og getur boðið upp á hagstæðari vexti en nú eru í boði hjá bönkum og öðrum lánastofnunum hér á landi.

Til þess að tryggja lánveitendum sem og lántökum stöðugleika eru gerðar stífar kröfur til lántakenda sem og fjárfesta. Lántakendur geta ætíð greitt upp lánin sín, án kostnaðar. Fjárfestar geta hins vegar ekki krafist uppgreiðslu, gerð er krafa um að greiðslufleði skuldabréfa og lána sé með sama hætti. Gerð er krafa til þess að fullkomið jafnvægi ríki á milli eigna og skulda húsnæðisstofnunarinnar en eina áhættan sem stofnunin má taka er af útlánaáhættu. Stofnunin hefur ekki heimild til að taka áhættu af misvægi í lánstíma, ólíkra vaxta, gjaldmiðlaáhættu, endufjármögnunaráhættu, uppgreiðsluáhættu og engin lagaleg áhætta er til staðar.

Með þessu móti ætti að takast að lækka vexti á húsnæðislánunum og þar með auðvelda fólki að koma þaki yfir höfuðið, til eignar. Þetta kæmi til móts við þá sem ekki vilja taka verðtryggð lán en hafa ekki getu til að greiða af óverðtryggðum lánunum þar sem greiðslubyrði getur sveiflast gríðarlega eins og sagan kennir okkur.

Félagslegt húsaleigkerfi



Það hafa ekki allir tök á því að eignast fasteignir og því er nauðsynlegt að fólki standi til boða að leigja húsnæði, til lengri tíma, með nægu leiguöryggi og á viðráðanlegu verði. Í danska félagslega húsnæðiskerfinu eru leiguíbúðir í höndum sveitarfélaga. Nýjar íbúðir eru fjármagnaðar með 2%

framlagi leigjenda, sveitarfélagið leggur til 14% hlut, til dæmis í formi lóðar, gatnagerðargjalda. 84% með almennu húsnæðisláni á venjulegum markaðskjörum þar sem ríkið veitir vaxtastyrki. Sveitarfélögin veita ábyrð á lánunum sem eru yfir 65% af verðmati hússins og tryggir þar með aukið öryggi húsnæðislánastofnunar sökum lægri greiðslugetu viðkomandi leigjanda.



Til þess að tryggja lága leigu er sett hámark á fjármagnskostnað við 3,4% af kostnaðarverði hússins á ári, þetta er mun lægra hlutfall en ef markaðsvextir giltu en þá væri þetta um 6%. Þessi hluti er kallaður íbúagreiðsla sem hækkar á hverju ári í samræmi við 75% af verðlagsbreytingum hvers

árs (75% verðtryggt). Ríkið leggur fram rekstrarframlög, vaxtastyrki til að dekkja mismun á íbúagreiðslu og markaðsgreiðslu. Með þessu móti er þeim sem búa við erfiðar aðstæður gert kleyft að koma sér upp þaki yfir höfuðið.



Alþjóðasamstarf RSÍ

NEF

Rafiðnaðarsamböndin á Norðurlöndum hafa staðið að samstarfi um marga ára skeið en mjög mikið samstarf á milli aðila hefur skilað félagsmönnum töluverðum ávinningi þegar sækja þarf um vinnu eða nám á milli landa. Með tiltölulega tíðum fundarhöldum hefur tekist að leiðrétta misskilning eða vandamál sem komið hafa upp í samskiptum þjóðanna. Gott dæmi er einfaldur misskilningur sem byggður er á tungumála örðugleikum og þýðingum á menntun manna. Það er stigsmunur á því að vera rafvirkjameistari á Íslandi og óska eftir því að starfa sem rafvirkjameistari í Noregi þar sem ólíkt nám er að baki réttindunum og ólíkrar ábyrgðar sem krafist er af viðkomandi. Því er mikilvægt að þegar menn sækja um DSB vottun í Noregi að sækja um leyfi til að starfa sem rafvirki eða rafiðnaðarmaður, eftir tilvikum, en ekki meistari. Íslenskir rafiðnaðarmenn eru mjög eftirsóttir í Noregi sökum mikillar og breiðrar þekkingar og mikillar færni.

Haldnir hafa verið 2 fundir á undanfögnu starfsári en jafnframt var þing NEF haldið í Helsinki 15. og 16. janúar síðastliðnum. Þing er haldið annað hvert ár og færast formennska á milli landanna í samræmi við samþykktir NEF. Undanfarin tvö ár hefur Martii Alakoski, formaður finnska rafiðnaðarsambandsins (FEF), sinnt formennsku og hefur hann staðið sig mjög vel að halda hópnum saman. Á síðasta þingi tók Jonas Wallin, formaður sænska Rafiðnaðarsambandsins (SEF), við af Martii og mun sinna formennsku næstu tvö árin. Þingið ákvað að hvaða málum skuli unnið þetta tímabil og má þar nefna greiningu á öryggismálum rafiðnaðarmanna á Norðurlöndum. Samanburði á slysaskráningu, hvernig bregðast eigi við rafmagnsslysum, hvernig þekking heilbrigðiskerfis er á slíkum slysum og svo framvegis. Jafnframt verður áfram unnið að því að vinna gegn félagslegum undirboðum ásamt fleiri málefnum.

NBTF

Norrænu byggingamannasamtökin (NBTF) funda reglulega en nýr formaður var kjörinn á síðasta ársfundi samtakanna sæem haldinn var í Stokkhólmi í nóvember síðastliðnum. Johan Lindholm var kjörinn formaður en Hans Tilly lét af störfum sökum aldurs. Per Skau er framkvæmdastjóri samtakanna. Þó nokkuð hefur verið kvartað yfir starfsháttum innan stjórnarinnar þar sem fundarmenn fá ekki fundarefni fyrir fundina og geta því ekki undirbúið sig sem skyldi. Það er nauðsynlegt þegar aðilar sækja fundi á milli landa að dagskrá liggi fyrir ásamt fundargögnum. Unnið er að bót þessara mála.

Samkomulag er á meðal íslensku verkalyðsfélaganna; RSÍ, Samiðnar og Starfsgreinasambandsins, um setu í stjórninni en öll aðildarfélög NBTF eiga sæti í henni í stað þess að þrjú félög sæki fundina frá Íslandi hefur stjórnarsætinu verið skipt á milli RSÍ og Samiðnar á tveggja ára fresti. Nú er Finnbjörn, formaður Samiðnar, að hefja sitt annað ár í stjórninni.

EBTF

Evrópsku byggingamannasamtökin (EBTF) funda reglulega undir forystu Sam Hæugglund. Fundirnir eru iðulega haldnir í Lúxembúrg eða í Brussel vegna nálægðar við ESB stofnanir. Verkefni EBTF snúa eðlilega fyrst og fremst að ESB og þeim málum sem sambandið vinnur að. Beinir tengiliðir eru í stjórninni inn á þing ESB sem hefur reynst dýrmætt fyrir hreyfinguna enda nauðsynlegt að koma sjónarmiðum launþega að við lagasetningar. Það er samt sem áður ekki þannig að alltaf sé hlustað á sjónarmið EBTF en við látum það ekki stoppa okkur.

EBTF og NBTF vinna eðlilega náið saman og hafa Norðurlöndin mjög mikið vægi inni í stjórn EBTF, gagnvart suðurhluta Evrópu. Eins og í NBTF þá er samkomulag á milli RSÍ og Samiðnar að skipta stjórnarsetu á milli sambandanna, nú situr formaður RSÍ í stjórn EBTF og er á seinna starfsári. Starfsgreinasambandið er ekki í EBTF.

BWI

RSÍ er aðili að Alheimsbyggingasamtökunum BWI (Building workers International). Ekki er um stjórnarsetu að ræða og samskipti lítil. Þing BWI hafa verið sótt hingað til en áhöld eru um hvort þingið á þessu ári verði sótt þar sem það er haldið í Bangkok á Thailandi.

UNI & UNI-ICTS

RSÍ er aðili að UNI sem og UNI-ICTS. RSÍ/FÍS tekur virkan þátt í UNI-ICTS en þar er Grétar Guðmundsson, formaður FÍS, stjórnarmaður. Fundir eru haldnir nokkuð reglulega og hafa nýst vel. UNI-ICTS er síma og tölvugeirinn á Norðurlöndum.



Orlofskerfið

Helstu tölur

Á undanfögnu ári hefur framboð á orlofseignum verið svipað og undanfarin ár. Boðið var upp á hús fyrir félagsmenn sem eru með gæludýr en húsið er staðsett í Borgarfirði nánar tiltekið á Klapparholti. Reynsla af leigu hússins hefur gefið góða raun en umgengni félagsmanna hefur verið með góðu móti, viðskilnaður hefur ekki kallað á kvartanir annarra félagsmanna og því greinilegt að allir þeir sem leigt hafa hús hafa fullan skilning á því að til þess að þessu tilraunaverkefni verði haldið áfram þá þurfi reynslan að verða góð. Húsið mun standa til boða í ár til viðbótar að minnsta kosti.

Orlofshúsi RSÍ í Vaglaskógi var lokað eftir sumartímabilið 2012 og það rífið. Bygging nýs húss hófst á haustmánuðum í beinu framhaldi og hefur bygging staðið yfir í vetur. Vinnan gekk að mestu vel í vetur þrátt fyrir gríðarlega mikla snjóá. Snjórinn hefur tafið ýmsa verkþætti en til dæmis hefur ekki tekist að ljúka öllum frágangi á gluggum og klæðningu á húsinu á þeirri hlið sem snjór liggur að húsinu. Jafnframt mun snjórinn tefja afhendingu hússins þar sem væntanlega verður ómögulegt að ljúka frágangi lóðar fyrir byrjun júní mánaðar. Gert er ráð fyrir því að húsið verði komið í útleigu um miðjan júní mánuð.

Vandamál hafa komið upp á Skógarnesi sökum vatnsskorts en í vetur hefur heitt vatn ekki dugað til að kynda hús RSÍ. Viðhald á gólfahita hefur ekki verið nægilega gott á undanfögnu árum en gólfhitakerfið er lokað kerfi með frostlegi. Skipta þarf um frostlöginn reglulega því ef það er ekki gert þá myndast kekkir í vökvanum og slaufur stíflast. Algengt var að handklæðaofnar hituðu ekki í húsum. Til að draga úr notkun vatns og tryggja góða kyndingu húsa var skipt um vökva í elstu húsunum, húsum 5 - 9. Stór munur er á kyndingu þessara húsa þar sem kerfið hitar húsin fyrr en áður.

Ljóst þykir að hitaveitan í Austurey annar ekki þessum fjölda húsa eins og staðan er í dag og því er nauðsynlegt að gera endurbætur á hitaveitunni. Eigandi veitunnar er að skoða hvaða leiðir eru færar en líklegast verður bætt við brunndælu til að auka flæðið. Jafnframt þarf að draga úr notkun á vatnæðinni út á Skógarnesið en nokkur fjöldi húsa í nágrenninu við svæði RSÍ er á sömu lögn.

Nauðsynlegt var að bera á og mála öll orlofshús á Skógarnesi síðastliðið vor sem sést í orlofshúsaskýrslunni en kostnaður við rekstur orlofshúsa hækkaði töluvert á milli ára. Ekki var borið á húsin strax eftir byggingu þeirra og því þurfti að hreinsa viðinn sérstaklega til þess að sómi yrði af. Á árinu 2013 er nauðsynlegt að bera á húsin aftur en eftir það þarf að bera á húsin annað hvert ár.

	Fjöldi húsa	Heildartekjur 2012	Heildargjöld 2012	Tekjur pr.hús 2012	Gjöld pr.hús 2012	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2012	2011	Meðaltal 2006 - 2011
Reykjavík	6	6.072.500	3.768.835	1.012.083	628.139	161,1%	103,9%	104,0%
Svignaskarð	2	1.513.000	2.940.511	7.566.500	1.470.256	51,5%	47,1%	47,6%
Vatnsfjörður	1	264.000	979.500	264.000	979.500	27,0%	37,8%	29,4%
Varmahlíð	1	907.100	1.339.876	907.100	1.339.876	67,7%	81,0%	117,5%
Akureyri	3	2.917.000	2.059.148	972.333	686.383	141,7%	171,3%	152,2%
Vaglaskógur	1	560.000	760.800	560.000	760.800	73,6%	84,2%	76,1%
Einarsstaðir	3	1.108.400	1.983.576	369.467	661.192	55,9%	24,2%	33,5%
Klifabotn	2	612.600	1.572.178	306.300	786.089	39,0%	34,8%	65,9%
Klaustur B hús	1	402.000	425.228	402.000	425.228	94,5%	46,6%	69,2%
Klaustur lítil - hús	2	309.400	743.729	154.700	371.865	41,6%	103,3%	67,7%
Skógarnes - minni hús	4	3.379.800	11.125.783	844.950	2.781.446	30,4%	29,8%	32,0%
Skógarnes - stærri hús	10	10.351.700	30.267.536	1.035.170	3.026.754	34,2%	43,4%	41,2%
Skógarnes - aðalh.	1	2.204.800	3.529.441	2.204.800	3.529.441	62,5%	73,7%	70,6%
Stykkishólmur	1	932.400	2.003.850	932.400	2.003.850	46,5%	51,1%	44,1%
Ölfusborgir	3	2.267.800	3.379.403	755.933	1.126.468	67,1%	46,3%	55,6%
Tjaldvagnar	15	1.571.200	652.852	104.747	43.523	240,7%	284,8%	200,6%
Spánn	2	1.765.000	2.255.691	882.500	1.127.846	78,2%	142,4%	125,6%
Kaupmannahöfn	1	2.054.000	2.518.115	2.054.000	2.518.115	81,6%	74,5%	44,7%
Súðavík	1	261.800	726.000	261.800	726.000	36,1%	35,0%	37,4%
Gufuskálar	1	166.600	480.000	166.600	480.000	34,7%	53,9%	0,0%
Klapparholt - Borgarfirði	1	883.600	2.605.185	883.600	2.605.185	33,9%	0,0%	0,0%
Vestmannaeyjar	1	390.100	769.700	390.100	769.700	50,7%	44,7%	0,0%
Skógarnes - Tjaldst/golfv.	3	6.412.080	8.005.769	2.137.360	2.668.590	80,1%	88,2%	97,7%
Meðaltal	66	47.306.880	84.892.705	716.771	1.286.253	55,7%	59,6%	59,6%

Tekjur og gjöld orlofshúsakerfis Rafiðnaðarsambands Íslands hér fyrir ofan og hér fyrir neðan er tafla yfir nýtingu einstakra eigna.

Hús	Viðmiðun				Viðmiðun			
	Dagar 2011	Leiga 2011	Hlutfall 2011	Röð 2011	Dagar 2012	Leiga 2012	Hlutfall 2012	Röð 2012
Reykjavík íbúðir	2.190	1.597	72,92%	6	2.190	1.735	79,22%	3
Svignaskarð	730	423	57,95%	11	730	443	60,68%	9
Vatnsfjörður	365	99	27,12%	19	365	88	24,11%	21
Varmahlíð	365	211	57,81%	12	365	204	55,89%	12
Akureyri íbúðir	1.095	809	73,88%	5	1.095	815	74,43%	4
Vaglaskógur	365	133	36,44%	16	365	144	39,45%	17
Einarsstaðir	1.095	231	21,10%	21	1.095	328	29,95%	19
Klifabotn /Illguastaðir	730	205	28,08%	17	730	198	27,12%	20
Klaustur	365	101	27,67%	18	365	133	36,44%	18
Klaustur lítil hús	730	166	22,74%	20	730	119	16,30%	22
Skógarnes - minni hús	1.460	860	58,90%	10	1.460	856	58,63%	11
Skógarnes - stærri hús	3.650	2.184	59,84%	7	3.650	2.230	61,10%	8
Skógarnes - aðalhús	365	218	59,73%	8	365	218	59,73%	10
Stykkishólmur	365	202	55,34%	13	365	192	52,60%	13
Ölfusborgir	1.095	651	59,45%	9	1.095	687	62,74%	7
Spánn	730	360	49,32%	14	730	335	45,89%	15
Kaupmannhöfn	173	146	84,39%	4	217	160	73,73%	5
Súðavík	91	77	84,62%	3	94	77	81,91%	2
Gufuskálar	71	66	92,96%	1	94	49	52,13%	14
Klapparholt Borgarfirði					215	154	71,63%	6
Vestmannaeyjar	64	55	85,94%	2	94	83	88,30%	1
Tjaldvagnar	1.655	692	41,81%	15	1.460	636	43,56%	16
	17.749	9.486	53,45%		17.869	9.884	55,31%	



Mikil aðsókn var að venju í tjaldsvæði RSÍ á Skógarnesi s.l. sumar og virðist ekki draga úr áhuga félagsmanna á að nýta orlofssvæðið. Félagsmenn vilja í auknum mæli nýta nýrri hluta tjaldsvæðisins, tjaldsvæði B, C og D, það hefur valdið auknu álagi á snyrthúsið á þessu svæði enda ekki gert til að anna þessum fjölda. Fjölga þarf sturtum fyrir bæði kynin þó þörfin sé meiri hjá kvenfólkinu en jafnframt er skortur á köldu vatni yfir álagstíma um helgar. Vatnslögn niður á tjaldsvæði B verður endurnýjuð í vor til þess að bæta þar úr, enda stórvarasamt þegar kalt vatn vantar en ekki það heita.

Mikil ánægja var með nýju tjaldvagnana sem fjárfest var í vorið 2012. Vagnarnir eru íslenskir, hannaðir á Íslandi og smíðaðir að öllu leyti hér á landi en tjaldið sjálft er saumað í Frakklandi. Með þessari hönnun hefur tekist að draga verulega úr þeim göllum sem fundist hafa á sambærilegum vögnum.

Styrktarsjóður

Félagsmönnum RSÍ standa til boða ýmsir styrkir hvort sem er í veikindatilfellum eða til líkamsræktar, svo eitthvað sé nefnt. Tekjur styrktarsjóðs hafa aukist um 7% á milli ára en mikil aukning varð einnig í greiðslum úr Styrktarsjóði þar sem eingreiddar dánarþætur vega þyngst. Útgreiðslur hafa aukist um 4,3% á milli ára. Greiðslur á sjúkradagpeningum dróst saman um 2,9% en þess ber þó að geta að greiðslur á sjúkradagpeningum hækkuðu um 7,5% á milli árunna 2010 og 2011. Á milli árunna 2010 og 2011 varð aukning á heildarútgjöldum alls 19,8%, aukning ársins er því nokkur til viðbótar við aukningu fyrra árs.

Styrktarsjóður RSÍ Tegund og fjöldi styrkja			Tímabil: Jan – Des					
			2012		2011		Mismunur	
Tegund styrkja		Upphæð	Fjöldi gr. á kennitölu	Upphæð	Fjöldi gr. á kennitölu	Upphæð	%	Fjöldi
AS	Aðrir styrkir	1.950.000	16	2.029.708	13	-79.708	-3,9%	3
BA	Andlátstyrkir til barna	5.436.785	5	0	0	5.436.785	100,0%	5
DB	Útfararstyrkir	7.521.205	18	3.357.280	10	4.163.925	124,0%	8
FS	Ferðastyrkir	470.440	18	251.460	16	218.980	87,1%	2
GE	Gleraugnastyrkir	5.966.560	210	6.157.992	228	-191.432	-3,1%	-18
GL	Glasa/tækniþróun	821.995	12	839.682	13	-17.687	-2,1%	-1
HV	Hjartavernd	492.998	53	631.763	71	-138.765	-22,0%	-18
KS	Krabbameinsskoðun	226.955	43	156.648	33	70.307	44,9%	10
LR	Líkamsræktarstyrkir	20.778.155	1211	20.998.888	1277	-220.733	-1,1%	-66
LÆ	Læknis- og lyfjakostn.	3.032.538	55	5.607.448	128	-2.574.910	-45,9%	-73
SAL	Meðferð hjá Sálfræðingum	1.495.503	81	0	0	1.495.503	100,0%	81
NU	Sjúkraþjálfun og nudd	5.992.500	386	5.488.280	348	504.220	9,2%	38
SD8	Sjúkradagpen. 80%	81.378.101	76	83.793.295	68	-2.415.194	-2,9%	8
SDL	Sjúradagpen.-lágmark	5.176.266	14	5.500.731	9	-324.465	-5,9%	5
LRA	Líkamsræktarstyrkir til atvinnulausra	40.490	17	80.260	38	48.880	60,9%	-21
ENA	Námskeiðsst. til atv. lausra	146.500	5	301.380	23	154.880	51,4%	-18
JOL	Jólastyrkir til atv. lausra	1.092.000	33	1.609.500	43	517.500	0,0%	-10

Síðastliðið ár var veittur jólastyrkur til atvinnulausra félagsmanna líkt og undanfarin ár. Nú er það svo að ekki er heimilt að veita atvinnulausum styrk án þess að greiddur sé tekjuskattur af styrknum. Þetta leiðir til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður lítur á jólastyrkinn sem tekjur og dregur sömu upphæð af bótum viðkomandi félags-

manna. Það er því ljóst að styrkurinn kemur okkar fólki ekki til aðstoðar heldur veldur þeim í einhverjum tilfellum meiri vanda! Nauðsynlegt er að finna aðrar leiðir við styrkveitinguna eða þá að hætta þessum styrkveitingum.

Styrktarsjóður RSÍ				
Styrkir	2009	2010	2011	2012
Sjúkrabætur	96.542.105	55.072.324	89.294.026	86.554.367
Eingr.dánarbætur	10.346.006	12.172.370	3.357.280	12.957.990
Sjúkran. og sjúkraþjálfun	6.058.950	5.210.390	5.488.280	5.992.500
Lækniskostnaður	6.616.359	7.252.771	7.235.541	5.350.036
Ferðastyrkir	93.000	108.000	251.460	470.440
Líkamsr. og forvarnarstarf	20.296.135	20.954.731	20.998.888	21.498.108
Gleraugnastyrkir	5.035.788	5.532.501	6.157.992	5.966.560
Styrkir v.atv.lausra	4.846.712	2.002.121	1.743.747	186.990
Jólastyrkur	0	840.000	1.609.500	1.092.000
Aðrir styrkir	1.440.984	1.698.673	2.029.708	1.950.000
Samtals	151.276.039	110.843.881	138.166.422	142.018.991

Heiðursverðlaun Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík

Þann 2. febrúar síðastliðinn var haldin verðlaunahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík (IMFR). Þetta var í sjöunda skipti sem hátíðin var haldin og tókst vel til. Forseti Íslands var verndari hátíðarinnar að líkt og áður og hátíðin hátíðleg. Að þessu sinni fengu 6 nýsveinar í rafiðngreinum verðlaun fyrir framúrskarandi árangur. Þar af voru 3 rafvirkjar og 3 rafeindavirkjar.

Eftirtaldir nýsveinar fengu verðlaun afhent og óskum við þeim öllum innilega til hamingju með frábæran árangur. Það vekur athygli hversu margir nýsveinar í rafiðngreinum eru í hópi nýsveina sem luku sveinsprófi með afburðaárangri en alls voru þeir 27% þeirra sem fengu verðlaun. Engin önnur iðngrein hefur jafn marga verðlaunahafa og rafvirkjun og rafeindavirkjun.

Silfurverðlaun

Verðlaunahafi:

Arnar Grétarsson
 Hafþór Halldórsson
 Ólafur Eggerts Ólafsson
 Vigfús Þór Árnason

Iðngrein:

rafvirkjun
 rafeindavirkjun
 rafvirkjun
 rafvirkjun

Bronsverðlaun

Verðlaunahafi:

Jakob Björgvin Þorsteinsson
 Sigurður Birkir Þorsteinsson

Iðngrein:

rafeindavirkjun
 rafeindavirkjun



VIRK starfsendurhæfing á Stórhöfða

Frá 1. ágúst 2009 hefur Rafiðnaðarsambandið verið í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða fólk sem lendir í langvinnri fjarveru frá vinnu vegna veikinda eða slysa. Félagsmönnum Rafiðnaðarsambandsins stendur þessi þjónusta til boða ef starfshæfni þeirra er skert vegna veikinda eða heilsubrests. Þeir sem telja sig þurfa á þessari þjónustu að halda geta þantað sér tíma hjá ráðgjöfum félagsins í starfsendurhæfingu. Vegna mikillar eftirspurnar eftir þjónustu ráðgjafa var tekin ákvörðun um bæta við heilu stöðugildi 01.04.2012, Hlín Guðjónsdóttir iðjuþjálfari var ráðin til starfa. Eftirspurnin hefur aukist jafnt og þétt síðustu mánuði og er svo komið að ráðgjafar í tveimur stöðugildum hafa næg verkefni.



Áhersla er lögð á að efla virkni einstaklingsins, auka vinnugetu og varðveita vinnusamband hans til að koma í veg fyrir að hann detti út af vinnumarkaðnum. Markmið starfseminnar er að efla færni og vinnugetu til að draga úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Lykilatriði í því sambandi er aukin virkni einstaklingsins, efling endurhæfingar og að stuðla að endurkomu til vinnu. Áhersla er á vinnusamband einstaklingsins og skoða möguleika á endurkomu til vinnu í samstarfi við vinnustaðinn. Eftir því sem starfið hefur þróast hefur verið aukin áhersla á samvinnu við vinnuveitendur til að styrkja möguleika einstaklingsins á að snúa aftur til starfa. Einnig hefur verið lögð áhersla á að skoða þá þætti í vinnuumhverfinu, sem hafa áhrif á starfsgetu einstaklingsins, til að aðstoða hann við að viðhalda vinnugetu sinni og möguleikum á að vera virkur á vinnumarkaði.

Frá því starfsemin hófst 1. ágúst 2009 hafa 224 einstaklingar verið í þjónustu ráðgjafa. Af þeim hafa 35 einstaklingar hætt í þjónustu. 15 einstaklingar hafa farið í úrræði á vegum annarra, voru of veikir til að sinna starfsendurhæfingu. En 20 hafa hætt af ýmsum öðrum ástæðum. Sé litið til ársins 2012 voru 17 einstaklingar sem hættu þjónustu, af þeim voru 8 sem fóru í úrræði á vegum annarra, voru of veikir til að sinna starfsendurhæfingu, 9 hættu af ýmsum öðrum ástæðum.

Af þeim 224 einstaklingum sem hafa verið í þjónustu ráðgjafa hafa 110 útskrifast/lokið þjónustu (*tölur frá 24.02.2013*). Flestir sem komu til ráðgjafa 2012 voru á framfærslu sjúkrasjóðs við upphaf þjónustu eða 55% sem eru sambærilegar tölur frá fyrra ári. Hins vegar eru um 20% á launum í veikindum sem er um 10% lægri tala en hjá ráðgjöfum annarra stéttarfélaganna. Í samanburði við 2011 hefur hlutfall þeirra sem eru enn með laun við upphaf þjónustu þó hækkað um 3%. Mikilvægt er að skoða leiðir til að kynna starfsemi VIRK betur fyrir vinnustöðum og trúnaðarmönnum svo félagsmenn fái að vita um þjónustu VIRK eins fljótt og auðið er.

Tæplega 70% þeirra sem útskrifast fara í launaða vinnu, í atvinnuleit eða lánshæft nám.

Kveðja

Hlín og Sigrún



FUNDARGERÐ

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS SAMBANDSSTJÓRNARFUNDUR 2012 HALDINN Í REYKJANESBÆ FIMMTUDAGINN 26. OG FÖSTUDAGINN 27. APRÍL 2012

DAGSKRÁ:

26. APRÍL

17:30 Fundarsetning.

Skýrsla miðstjórnar.

Reikningar fyrri umræða.

Staða kjarasamninga.

Formaður, Kristján Þórður Snæbjarnarson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá.

Skýrsla miðstjórnar

Kristján , formaður, fór yfir og kynnti skýrslu miðstjórnar síðasta starfsár og helstu málefni sem miðstjórn er að fást við.

Nokkrar rangfærslur eru í skýrslunni og það hann fundarmenn að taka tillit til þess. Mikið hefur verið að gera hjá sambandinu á síðasta ári m.a. við kjarasamningagerð og fleira.

Kristján fór síðan yfir kjarasamningagerðina í stórum dráttum og aðkomu ríkisvaldisins við gerð samninganna og hvað stórnvöld hafa ekki staðið við að gera. M.a. hækkar á bótum stóðust ekki eins og fyrirheit voru gefin um. Líka varðandi barna-og vaxta-bætur, þar var ekki staðið við gefin loforð að öllu leyti. Sumt fólk fær engar bætur í dag.

Ekki hefur verið dregið úr tekjutengingu vegna barnabóta og eins vaxtabóta líkt og stefnt var að. Og því er ekki að neita að mikill skuldavandi heimila og einstaklinga er til staðar hér á landi.

Verkefni til að sporna við svartri atvinnustarfsemi heldur vonandi áfram.

Virkjanamál

Auka þarf fjárfestingar á Íslandi. Ekki er hægt að sjá að neitt sé í gangi eins og staðan er í dag.

En virkjanamál standa okkur nær. Til er á Alþingi Íslendinga rammaáætlun um virkj-

anamál, og hvar eigi að virkja í framtíðinni en engin sátt virðist vera meðal stjórn-
málanna um þá áætlun. Það er krafa okkar að stjórnmaðlamenn séu sáttir um áform
um virkjanir og þær áætlanir sem stjórnvöld hafa mótað hverju sinni, svo halda megi
áfram uppbyggingu á þessu landi.

Þá er það brýnt að jöfnun lífeyrisréttinda nái fram að ganga.

Gengi krónunnar er frekar lágt um þessar mundir, og ekkert sem bendir til að það
muni styrkjast. Endurskoðun kjarasamninga fer fram fyrri hluta næsta árs. Eins og
staðan er í dag, þá er ekkert annað að sjá í spilunum, en að kjarasamningum verði
sagt upp.

Allt litur út fyrir að stýrivextir eigi eftir að hækka á næstunni enda virðist Seðlabankinn
vera á sömu braut og fyrir Hrun.

Staðan í pólitíkinni

Eins og fram hefur komið þá hefur ríkisstjórnin ekki staðið við gefin loforð varðandi
aðkomu að síðustu kjarasamningum. Á næsta ári verða kosningar og brýnt er að láta
ríkisstjórnina efna gefin loforð.

Starfsemi RSÍ

Félagsmönnum hefur fjölgað í sambandinu um 5% og vill formaðurinn sjá fleiri konur
í faginu. Þá er fjárhagsstaða Sambandsins nokkuð góð.

Heimasíða Sambandsins er í góðu lagi, og á vonandi bara eftir að batna.

RSÍ er komið á Facebook og þar er hægt að „læka“ ýmislegt um starfsemina og
starfið hverju sinni.

Á næstunni verður opnaður félagsvefur þar geta félagsmenn séð stöðu sína s.s.
punktastöðu og fl. Það hefur dregist alltof lengi að koma þessu á koppinn (er enn í
hönnun hjá AP-media), en vonandi ekki langt að bíða.

Næg atvinna virðist vera hjá félagsmönnum RSÍ. Allavega hefur verið erfitt að fá
rafiðnaðarmenn til að klára breytingar á Stórhöfða 31.

Starfsmenntamál

Fjölgað hefur verið um einn starfsmann hjá Virk starfsendurhæfingu og þar er nóg
að gera.

RSÍ-ung var stofnað á síðasta þingi RSÍ og eru miklar vonir bundnar við þá hreyfingu.
Formaður er Svanborg Hilmarsdóttir.

Hvað er framundan

Nú á vordögum verða félagafundir á dagskrá og er ætlun formanns að ferðast meira
um landið til að kynna félagsmönnum betur og sjá hvað er verið að gera útá landi.
Hefur áhuga á að hitta sem flesta félagsmenn á ferðum sínum.

Á haustdögum verður hafist handa við að endurskoða kjarasamninga. Einnig er alltaf



verið að kynna starfsemi RSÍ betur og betur fyrir félagsmönnum og hvað sé í boði fyrir þá s.s. varðandi styrki og afsláttarkjör og fleira og fleira.

Gylfi Arnbjörnsson, atvinnumál o. fl.

Ræddi gjaldmiðils- og atvinnumál og sagði horfur í báðum þessum málum ekkert góðar.

Þá ræddi hann um stöðu kjarasamninga og hvað væri hægt að gera til að komast hjá uppsögn nú í haust. Hann sagði það algjörlega í höndum stjórnvalda hvort til uppsagna kæmi. Þeirra væri ábyrgðin.

Það var ekki fyrr en við fórum að taka þátt í alþjóðastarfi að kaupmáttur launa fór að aukast. Áður fyrr ríkti algjör stöðnun. Við bjuggum í haftasamfélagi.

Árið 1990 fórum við út úr haftakerfinu og byrjum að keppa á alþjóðavettvangi og höfum staðið okkur vel bæði í samstarfi og samkeppni við aðrar þjóðir á alþjóðavinnumarkaði.

Ræddi síðan kaupmátt og hvar við stöndum í samanburði við önnur lönd. Um 100 ára samanburð var að ræða.

Ræddi síðan um gjaldeyrishöft og launamun iðnaðarmanna hér og í nágrennalöndunum.

Einnig ræddi hann um vaxtamun á milli landa, sem í dag er um 4% (stýrivaxtamunur). Vextir á húsnæðislanum í Evrópu eru um 3,5%. Óverðtryggðir vextir allt að 1,5-3% hærri en á verðtryggðum vöxtum. Grunnvextir hér á landi eru allt að 4-5% hærri en í nágrennalöndunum.

Hann sagði að eina færa leiðin til að jafna þennan mun og komast úr vaxtaokrinu hér á landi væri að ganga í ESB og taka upp evru. Krónan er ekki grundvöllur að bættum lífskjörum.

Höfum við raunverulegt tækifæri til að efla atvinnulífið á sjálfbærum grunni? Já, getum orðið framfarlega í sjálfbærum grænum störfum. Orkugeirinn getur einnig orðið stór þáttur í þessu. Skilyrði fyrir þessu öllu er að vera þátttakendur í stærra hagkerfi (ESB)

Verðum að skapa unga fólkinu tækifæri og benda þeim á færar leiðir svo það fari ekki til allt til starfa í öðrum löndum.

Sjálfstæð mynt hefur ekki lagt grunn að stöðuleika og stuðlað að lægri verðbólgu. Talsvert er tekist á um landbúnaðarmál í aðildarviðræðum um inngöngu í ESB. Varðandi sauðfjárrækt þá veitir Evrópusambandið talsverða styrki til þeirrar búgreinar.

ASÍ er á móti að settir verði tollar á innfluttar afurðir. Lambakjöt er flutt út í heilum og hálfum skrokkum og selt sem „lambakjöt“ en ekki kynnt sem séríslensk vara. Þá er sama hver vinnur úr auðlindinni, hvort það eru útlendingar eða Íslendingar

bara að unnið sé úr henni hér á landi. En afurðin ekki flutt út sem hrávara.

Flutningur á raforku til annarra landa

Ef þetta verkefni hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir raforkukaupendur hér á landi þá gengur það ekki upp. Má ekki vera baggi á okkar notkun og stuðla að hækkun á raforkuverði hér á landi. 1000 MW þarf til að sæstrengur geti gengið.

Ýmsir möguleikar í orkuframleiðslu s.s í vindorku, sólarcellum, eins er hægt að nýta hafið til orkuframleiðslu.

Hver er sýn ASÍ á framtíðina ef ekki verður gengið í ESB?

Ekki búið að móta neina framtíðarsýn. Tekið verður á því þegar þar að kemur.

Góður rómur gerður að máli Gylfa og líflugar umræður í kjölfarið.

Reikningar Sambandsins (fyrrri umræða)

Gjaldkeri fór yfir helstu kennitölur sambandsins.

Í rekstrarreikningi fyrir árið 2011 kemur fram að heildartekjur sambandsins árið 2011 námu kr. 460.184.825.- en voru árið 2010 kr. 427.829.885.-.

(Sjá má allar kennitölur í ársreikningi RSÍ fyrir árið 2011)

Kl. 20.00 kvöldverður.

Föstudagur 27. apríl

Fyrsta verk var skipan styrkveitingarnefndar.

Haukur Ágústsson, formaður, aðrir nefndarmenn Georg Georgsson, Eyjólfur Ólafsson, Davíð Sigmundsson.

STAFIR lífeyrissjóður

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri, fór yfir starfsemi sjóðsins síðasta ár og sagði m.a. að raunávöxtun sjóðsins á síðasta ári hafi verið 2,1% sem er ekkert framúrskarandi árangur. Útektarskýrslan um lífeyrissjóðina dregur upp mjög svo dökka mynd af starfsemi sjóðsins, þar er ekkert jákvætt og ekki vilji til að sýna framá það sem vel var gert. Traust sjóðsfélaga á sjóðnum hefur minnkað mjög mikið að undanfögnu.

Ólafur gat þess að ekkert hagkerfi geti borið 9% raunávöxtun. Sjóðurinn hefði vissulega tapað miklum fjármunum í Hruninu en ekki má gleyma því að árin 2004-2008 var ávöxtun sjóðsins aftur á móti óeðlilega há.

Guðmundur Gunnarsson

Nú er í umræðunni innan verkalyðshreyfingarinnar að samræma lífeyrisréttindi. Miklar þælingar eru í gangi og hvernig best sé að standa að því. Það er engin lausn að sameina bara sjóði, það þarf annað og meira að koma til.

En ef það verður gert þá munu lífeyrisréttindi iðnaðarmannasjóðanna minnka um 20%.

Einn sjóður fyrir alla landsmenn, er meira en að segja það. Unnið markvisst að því að gera eitthvað í þessum málum til að leiðrétta mismuninn sem er á milli sjóðfélaga annars vegar á almennum markaði og hinsvegar þeirra sem eru í opinbera geiranum.



Rúnar Bachmann

Gat þess að lög um eignaskatt á lífeyrissjóðina mismunaði sjóðunum. Eignaskattur lagður á almennu sjóðina en ekki ríkissjóðina.

Ólafur Sigurðsson

Sagði að ef ekki kemur til endurgreiðslu á skattinum í haust, þá verður farið í mál. Stjórnvöld hafa 6 mánuði til að draga þessi lög til baka.

Síðar í umræðunni var upplýst að stjórnvöld hafa samþykkt að endurgreiða skattinn og draga lögin til baka.

Varðandi stjórnarkjör í stjórnir lífeyrissjóðanna þarf á næsta ári að velja a.m.k. eina konu til setu í stjórn. Búið er að setja á kynjakvóta.

Líflegar umræður urðu um lífeyrismálin.

RSÍ-UNG

Svanborg Hilmarsdóttir kynnti starfsemina.

Skipa átti 10 manna stjórn en aðeins tókst að skipa í 8 sæti. Stjórnin fundar vikulega. Kynnti síðan stjórnarmenn og sagði drög komin að nýrri heimasíðu fyrir RSÍ-ung.

Kynnti merki hreyfingarinnar og óskaði eftir að það yrði samþykkt. Þá gat hún þess að ekkert samband væri komið eins langt og RSÍ-ung.

Samþykkt að nota „lógóið“ sem hún kynnti.

Ekki er búið að móta framtíðarstefnu RSÍ-ung. Unnið að stefnumótun s.s.nám-skeiðshaldi og fl. Einnig er unnið að gerð kynningarefnis fyrir hreyfinguna.

Ætlunin er að hefja kynningarstarfið á því að í fara í skólana í haust.

Mikið er litið til danskra ungliða með framtíðarmótun. Mikil vakning er innan verkalýðhreyfinga í Evrópu um að efla ungliðastarf.

Rafiðnaðarskólinn ehf

Stefán Sveinsson, skólastjóri, fór yfir og kynnti starfsemi skólans, námskeið og almennan rekstur. Starfsemin er öll að Stórhöfða 27 og er aðstaðan þar til mikillar fyrirmyndar og starfsemin í góðum farvegi. Kynnti síðan námskeið og fleira.

Meistaránámið er hryggjarstykkið í starfseminni.

Alls voru haldin 100 námskeið á síðasta ári og voru nemendur 1.072 alls.

Námskeið voru ekki einungis haldin í húsnæði skólans í Reykjavík heldur einnig haldin námskeið á Akueyri, Egilsstöðum og Ísafirði.

Starfsmannafjöldi er sá sami og undanfarin ár eða 7 í 6 stöðugildum. Sigurður Geirsson sem verið hefur skólastjóri skólans til margra ára lét af störfum sem skólastjóri en sinnir kennslu eitthvað áfram. Ræddi síðan framtíðarsýn skólans og hvernig menn vilja sjá starfsemi skólans í náginni framtíð.

Auka samstarf við aðra skóla s.s. háskólann, fjölbrautaskólana, verkmenntaskólana og fleiri. Efla kynningu á starfseminni, eins efla póstlistann. Kynna starfsemina og efla samstarf við fyrirtæki á rafiðnaðarsviði. Ná til fleiri félagsmanna sem ekki eru með sveinspróf.

Eftirmenntunarnefndir skólans hafa ekki starfað sem skildi og spurði skólastjórinn í hvaða farvegi nefndirnar eigi að starfa?

Rúnar Bachmann

Eigum Sigurði Geirssyni mikið að þakka. Góður fagmaður og óskaði eftir að sambandsstjórnin samþykki að senda honum þakkarbréf fyrir vel unnið og óeigingjarnt starf í þágu skólans. Það var samþykkt samhljóða.

Mikilvægt er að félagsmenn nýti sér þau framboð á námskeiðum sem í boði eru hverju sinni.

Starfsemi RSÍ

Mönnun framkvæmdastjórnar og miðstjórnar.

Stefán Sveinsson, varaformaður RSÍ, hefur óskað eftir að vikja sæti sem miðstjórnarmaður þar sem hann hefur tekið við skólastjórn í Rafiðnaðarskólanum. Samþykkt að verða við þessu og mun varamaður úr röðum FÍR taka sæti hans í miðstjórn og tillaga gerð um að Sigurður Sigurðsson taki sæti hans í framkvæmdastjórn þar til annað er ákveðið. Samþykkt samhljóða.

Þá hefur Brynjar Hermannsson, fyrrv. varaformaður RFN, hætt í sambandinu og er horfinn til annarra starfa. Samþykkt var samhljóða að Finnur Víkingsson, nýkjörinn varaformaður RFN, taki sæti hans sem varamaður í miðstjórn.

Starfsreglur styrktarsjóðs

Breyting á reglugerð. Samþykkt.

5.gr samþykkt orðalagsbreyting.

Tillaga að breytingum á starfsreglum styrktarsjóðs. Orðalagsbreytingar Vinnuregla allstaðar að framvísa sjúkradagpeningavottorði frá lækni. Samþykkt samhljóða.

Tillaga að breytingu á orðalagi í 4 gr. (Um er að ræða framhaldsnám í faginu) og komi til baka í sambandið að námi loknu.

Tillaga að breytingum á upphæðum styrkja

Uppfærsla á styrkjum verði í takt við verðlagsþróun.

Námskeiðsstyrkur sem félögin hafa greitt vegna sinna félagsmanna hefur fylgt líkamsræktarstyrknum á hann að hækka líka?

Ekki á hendi sambandsstjórnar að taka ákvörðum um það. Námskeiðstyrkur greiddur af félögunum. Fundurinn beinir því til aðildarfélaganna að þau hækki styrkinn til samræmis við líkamsræktarstyrkinn.

Samþykkt.



Styrkveiting

5 umsóknir bárust.

Frá Iceland Expo, Íslensku handverki, Iðnaðarsafninu á Akureyri, Kiwanis, Speselisterne á Íslandi, Starfsemi fatlaðra, tölvumiðstöð, Kvennasveitinni Dagbjört.

Vinnureglan er og verður sú að styrkurinn renni til góðgerðamála.

Samþykkt að:

Tölvumiðstöð fatlaðra fái kr. 200.000.-

Spesilistene á Íslandi kr. 400.000.-

Kvennasveitin Dagabjört kr. 600.000.-

Orlofskerfið og starfsemin

Björn Ágúst fór yfir stöðuna. Rekstrarkostnaðurinn á síðasta ári var 57 milljónir. Þar af var kostnaður við rafmagn og hita um og yfir 10 milljónir.

Á *Akureyri* voru íbúðir teknar í gegn 2009. Verið að laga þakið á Furulundi og skipta um þakefni.

Varmahlið: Parketið slípað, pallur lagaður og fl.

Svignaskarð: þar er verið að stækka byggðina. Ekki mikið unnið í okkar húsum. Rekstur byggðarinnar mjög dýr.

Klifabotn: þar hefur starfsmannafélag vegagerðarinnar byggt nýtt hús. Búið að endurnýja veg. Ekki gert mikið þar.

Vaglaskógur: Húsið ónýtt. Í næstu viku verður rætt við 4 byggingaverktaka um að koma með tilboð í nýtt hús.

Flókalundur: hefðbundinn rekstur. Rekstur sundlaugar stærsti bagginn þar. Húsið ágætt endurnýjað fyrir 10 árum og er í ágætu standi. Flókalundur mjög vinsæll staður.

Íbúðir á Spáni voru teknar í gegn í vetur, málaðar og ýmislegt annað lagfært. Rekstrarkostnaður húsanna á Spáni ekki mikill.

Skógarnes: Lagfæra þarf internet og loftnetskerfi. Engar miklar framkvæmdir þar aðeins venjubundið viðhald. Bera þarf á alla pallana. Þá verður breyting á starfsmannahaldi þar og horfið til fyrri tíðar. Þ.e. að ráða aðeins sumarstarfsmann. Verðum að hafa starfsmann á meðan tjaldsvæðið er í notkun.

Íbúðir í Reykjavík mikið notaðar. Allavega þarf að taka 2 íbúðir í gegn á þessum ári, mála og fleira.

Einarsstaðir: Hitaveita komin á svæðið, og unnið að frágangi á henni. Kostnaður mun aukast eftir að hitaveitan kemur. Búið að fjölga um 1 starfsmann. Komnir heitir pottar og nýting hefur aukist og verður nú um heilsársleigu að ræða. Áður var bara um sumarleigu að ræða.

Staðan og horfur í efnahagsmálum

Ólafur Darri Andrason fór yfir stöðuna og horfur í efnahagsmálum til ársins 2014. Hægur bati er í efnahagslífinu. Ráðstöfunartekjur munu aukast vegna launahækkana og tímabundinna aðgerða til aðstoðar skuldsettum heimilum.

Allt útlit er fyrir litlar fjárfestingar hjá hinu opinbera. Óvissa um framkvæmdir í Helguvík. Ekki ráðist í átak í vegamálum á SV-landi með sértakri fjármögnun. Efasemdir um Vaðlaheiðagöng.

Erfiðleikar á erlendum lánsfjármörkuðum valda óvissu.

Dregur úr verðbólgu þegar líður á næsta ár. Það er að draga úr atvinnuleysi en staðan á vinnumarkaði verður áfram erfið.

4.000 þúsund manns koma inn á vinnumarkaðinn á hverju ári en á móti detta út um 2.200 manns út af vinnumarkaðinum ár hvert.

Hagvöxtur eykst á milli ára og verður jákvæður um ca 2% á næstu árum. Framundan er hægur vöxtur í einkaneyslu ca 2% vegna launahækkana. Vöxtur samneyslu er ekki eins mikill á næstunni innan við 1%. Alltaf erfitt að draga úr þjónustu.

Óbreytt ástand 2012 smá bati 2014.
Vöxtur fjárfestinga er aukning um ca 15% til ársins 2014

Fjárfestingar settar saman úr 3 þáttum. Íbúðarhúsnæðisfjárfesting, atvinnuvegafjárfesting og opinberfjárfesting.

Viðskiptajöfnuður er enn neikvæður og verður það til ársins 2014. Íslenskur þjóðarbúskapur í vondum málum.

Atvinnuleysið að ganga niður en því miður gerist það alltof hægt. Vonandi hægt að ná því hraðar niður þegar fram líða stundir.

Verðbólgan. Spá um ca 3% og er ástæðan veik króna. Launahækkanir vega ekki þungt í verðbólguþáttum.

Gengi krónunnar hefur veikt um 5% frá áramótum. En vonandi gengur það eitthvað til baka með hækkandi sól.

Mestu efnahagserfiðleikarnir eru að baki. Framundan er hægur bati. Lykillinn að auknum hagvexti er aukin fjárfesting.

Veikt gengi krónunnar virkar sem hvatning fyrir ferðamenn að koma til landsins. Gjalddeyrishöftum fylgir ýmisskonar brask og sori.

Líflegar umræður og fyrirspurnir voru eftir erindi Darra.



Reikningar sambandsins (síðari umræða)

Engar umræður og reikningar samþykktir samhljóða.

Vinnuverndarmál

Björn Ágúst, stjórnarmaður í Vinnueftirlitinu, kynnti niðurstöður skoðunarkönnunar sem Vinnuverndarstofnun Evrópu gerði um vinnuverndarstarf.

Íslendingar koma vel út úr þeim samanburði og reyndist t.d. sú þjóð sem taldi vinnuvernd hvað mikilvægasta til að hjálpa fólki að vinna lengur áður en það fer á eftirlaun, 77% íslenskra þátttakenda í könnuninni töldu hana afar mikilvæga í því sambandi. Íslendingar voru einnig meðal þeirra þjóða sem voru hvað sannfærðastar um að yfirmaður myndi leysa úr vandamálum varðandi öryggi og heilbrigði á vinnustað ef til hans væri leitað.

Alls telja 80% einstaklinga á vinnumarkaði í Evrópu að þeim sem þjást af vinnutengdri streitu í heimalandi þeirra fjölgi næstu árin og telja 49% að það verði mikið.

Aðeins 42% Evrópubúa telja að þeir muni geta sinnt núverandi starfi til 65 ára aldurs. 17% búast ekki við að geta sinnt starfi sínu lengur en til 59 ára aldurs, samkvæmt könnun Eurobarometer um virka öldrun.

Allt vinnuverndarstarf gengur mikið út á streitu.

Atvinnutengt streitustig. Upplýsingagjöf um öryggi og heilsfarsáhættu í starfi. Jákvætt að vitundarvakningin um öryggi og heilsu er að aukast.

Samkeppnishæfni á milli landa.

Gríðaleg pressa að draga úr öllu reglugerðarfargani ESB vegna mikils aukakostnaðar fyrir fyrirtækin.

Fyrirtækin horfa mikið til austurs s.s. Kína þar eru engar reglur til um vinnuvernd. Gefa vinnuverndarmálum aukið vægi. Vandamálin alltaf að aukast, en það vill enginn borga.

Starfsemi VIRK

Miklar annir hafa verið hjá starfsendurhæfingafulltrúanum, mikill fjöldi mála hafa komið þar inná borð og biðtími fyrir ný mál orðinn alltof langur eða allt að einn mánuður. Sú bið er of löng þar sem mikilvægt er að taka á málum sem fyrst til þess að komast hjá langtímaveikindum.

Ályktanir

Samþykktar voru tvær ályktanir. Sú fyrri var ályktun um "Efndir ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga" og hin um „Lagningu sæstrengs til flutnings á raforku til Evrópu“

Kristján formaður sagði í sínum lokaorðum að ekki væri lengur hægt að búa við allan þennan óstöðuleika í efnahags- og gjaldeyrismálum hér á landi. Vonandi förum við að sjá einhverja raunhæfa leið út úr vandanum. Lækka þarf vaxtastigið, það er alltof

hátt í dag. Einnig þarf að gera ýmsar breytingar á hagkefinu. Hefja þarf vinnu við endurskoðun kjarasamninga strax í haust.

1. maí er n.k. þriðjudag og hvatti hann alla rafiðnaðarmenn um land allt að mæta í kröfugöngur, taka þátt í hátíðarhöldum dagsins og sýna með því samstöðu, um hversu megnuð við erum að taka á þeim málum sem brenna á okkur hverju sinni.

Fyrst var efnt til kröfugöngu 1. maí 1883 í Frakklandi en fyrsta kröfugangan á Íslandi var farin árið 1923 og mætti miklu mótlæti auðvaldsins. Við þurfum að standa vörð um okkar réttindi, okkur ber að mæta í kröfugöngur!

Minnti rafiðnaðarmenn síðan á að skrá sig á Facebook, en RSÍ er þar.

Þakkar fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl 15:00

Fleira ekki fært til bókar.

Fundargerð: *Helgi Jónsson* ritari.



Ályktanir

Ályktun um lagningu sæstrengs til flutnings á raforku

Sambandsstjórnarfundur Rafiðnaðarsambands Íslands telur nauðsynlegt að gerð sé mikil og ítarleg greining á áhrifum lagningar sæstrengs til flutnings á raforku til meginlands Evrópu. Nauðsynlegt er fyrir þjóðina að fá mat á því hvort lagning slíks strengs sé heppileg fyrir þjóðarbúið. Það er vitað mál að slík tenging skilar sér í hækkuðum raforkukostnaði hér heima og þá fyrst og fremst til heimila landsins ásamt nýjum iðnaði sem nýtir orkuna. Þetta leiðir síðar til þess að raforkuverð til stóriðju mun hækka þegar raforkusamningar verða endurnýjaðir.

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að hugsa til þess hverju raforkan skilar þjóðinni. Þjóðin hefur tekjur af nýtingu orkunnar í dag auk þess sem þegar þessa lands hafa af því atvinnu, hvort sem það er í stóriðju eða framleiðslu á nytjavörum. Sambandsstjórnarfundurinn telur aukin verðmæti í þeim störfum sem verða til hér heima og því ætti þjóðin að nýta raforkuna til verðmætasköpunar á heimaslóðum í stað þess að selja raforku úr landi sem hrávöru.

Nauðsynlegt er að fjölga störfum á landinu sem skapa verðmæti hvort sem það er í nýjum hátækniíðnaði eða rótgrónum atvinnugreinum. Nýtum þær auðlindir sem við eigum í þágu þjóðarinnar. Nýtum þá sérstöðu sem Ísland býr við og seljum afurðir okkar sem hreinar afurðir framleiddar með grænni orku! Sköpum störf til framleiðslu á grænum vörum!

Reykjavík, 27.4.2012

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands

Ályktun um efndir ríkisstjórnar vegna kjarasamninga

Sambandsstjórnarfundur RSÍ kallar eftir efndum ríkisstjórnar Íslands á loforðum þeim er gefin voru í tengslum við gerð kjarasamninga þann 5. maí 2011. Nauðsynlegt er að koma skuldugum heimilum, sem eiga við greiðsluvanda að stríða, til hjálpar. Draga ber úr eigna- og tekjutengingum vaxtabóta með þeim hætti að vaxtabæturnar skili sér jafnt til lág- og millitekjuhópanna. Millitekjuhópurinn er sá hópur sem ber þyngstu byrðarnar í skattlagningu þessa lands og hefur einnig komið hvað verst út úr „Hruninu“. Vaxtabætur hafa verið skornar niður og í mörgum tilfellum eru þær engar ásamt því að tekjuskattur á sama hóp hefur hækkað verulega!

Það verður ekki bæði haldið og sleppt þar sem slík skattþening kemur af fullum þunga

niður á neyslu almennings og dregur þar af leiðandi atvinnulífið niður. Nauðsynlegt er að sýna mikið aðhald í ríkisfjármálunum en það skal gera á réttum stöðum og með það fyrir augum að mögulegt sé að örva atvinnulífið með aukinni neyslu almennings. Það er löngu kominn tími til að draga úr skattlagningu en til þess þarf að sýna hugrekki, dug og þor.

Nauðsynlegt er að hækka hámark fæðingarorlofsgreiðslna enda hefur verulega dregið úr nýtingu foreldra á fæðingarorlofum og þá sérstaklega feðra. Það hlýtur að vera stefna ríkisstjórnar Íslands að standa vörð um réttindi launþega landsins og stuðla að því að foreldrar geti notið fyrstu mánaðanna með börnum sínum á mannsæmandi hátt!

Lögð hefur verið mikil vinna í gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Viðtæk sátt náðist um áætlunina í meðferð hinna ýmsu hagsmunahópa er um hana hafa fjallað. Það eru ótæk vinnubrögð að breyta slíkri áætlun eingöngu af pólitískum ástæðum. Ef sátt á að ríkja um áætlanir varðandi nýtingu náttúruauðlinda til framtíðar er nauðsynlegt að halda pólitík fyrir utan slíka áætlun, enda eru auðlindir landsins ekki til þess gerðar að slá pólitískar keilur!

Reykjavík, 27.4.2012

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands

Ályktanir trúnaðarmannaráðstefnu 2012 eru eftirfarandi:

Ályktun um Evrópumál

Trúnaðarmannaráðstefna Rafiðnaðarsambands Íslands hvetur stjórnvöld til þess að ljúka aðildarviðræðum við ESB með það að markmiði að ná fram sem hagstæðustum samningi fyrir íslenska þjóð. Vissulega eru aðstæður innan ESB erfiðar um þessar mundir en það á að vera í höndum þjóðarinnar að meta hvort sá samningur sem viðræðurnar skila á endanum sé ásættanlegur eður ei. Það verður eingöngu gert í þjóðaratkvæðagreiðslu að viðræðum loknum!

Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ hvetur forystu Rafiðnaðarsambands Íslands til þess að beita sér í að halda á lofti hagsmunum rafiðnaðarmanna í allri umræðu á vinnu- markaði, m.a. hvort sem nauðsynlegt sé að benda á kosti eða galla við aðild að ESB sem og öðrum málum tengd hagsmunum félagsmanna RSÍ.

Ályktun um Kjaramál

Í janúar á næsta ári verður önnur endurskoðun kjarasamninganna sem undirritaðir voru þann 5. maí 2011, nú stefnir allt í að forsendur kjarasamninganna bresti enda eru helstu forsendur að gengisvísitala íslensku krónunnar verði komin niður í 190, verðbólga sé undir 2,5% og að kaupmáttur hafi aukist. Auk þessara atriða var stefnt að fleiri atriðum og þá ber að nefna jöfnun greiðslna í lífeyrissjóði á almennum og opinberum markaði, einnig átti að auka fjárfestingu og greiða götur framkvæmda. Það er skemmst frá því að segja að afar fá atriði hafa gengið eftir. Í umræðu á Alþingi



fyrir skömmu kom fram að „Þegjandi samkomulag“ væri um að stöðva allar virkjanaframkvæmdir þrátt fyrir loforð gagnvart vinnumarkaði um hið gagnstæða!

Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ fordæmir þau vinnubrögð, þegar mikilvægum málum er lofað til þess að örva atvinnulíf og koma þjóðarþúinu þar með áfram upp úr kreppunni, að á sama tíma sé unnið gegn þeim mikilvægu málum! Það er löngu kominn tími til að efna loforð enda standa og falla kjarasamningar á þessum málefnum, beint og óbeint!

Trúnaðarmannaráðstefna Rafiðnaðarsambands Íslands krefst þess að ríki og sveitarfélög sýni gott fordæmi með aðhaldi í gjaldskrár- og skattahækkunum. Enda er það hagur allra að halda verðbólgu lágri og hækka þar með ráðstöfunartekjur launamanna!

Ályktun um efnahags- og húsnæðismál

Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ, haldin á Selfossi 25. – 26. okt. 2012 en ráðstefnuna sitja um 100 trúnaðarmenn á vinnustöðum rafiðnaðarmanna víðsvegar af landinu, leggur áherslu á að stjórnvöld taki höndum saman við aðila vinnumarkaðs um að skapa þær aðstæður að á Íslandi geti ríkt efnahagslegur stöðugleiki með meiri festu í gengi krónunnar og lágri verðbólgu. Þolinmæði launamanna gagnvart óöguðum vinnubrögðum stjórnáráðgjafanna er löngu þrotin, það birtist m.a. í flótta launamanna frá landinu.

Markmið kjarasamninga er að leggja grunn að auknum kaupmætti og jöfnun lífskjara. Árangur í kjarabaráttu launamanna hefur á undanförunum árum verið jafnharðan eyðilagður með gengisfellingum. Afleiðing óagaðrar efnahagsstjórnunar veldur óstöðuleika krónunnar og mikilli verðbólgu, sem veldur því að vextir hér á landi eru tvöfalt hærri, en er í nágrannalöndum okkar. Því er verðtryggingarkerfið hér á landi virkt, á meðan það er nánast óvirkt í öðrum löndum.

Rafiðnaðarmenn krefjast þess að tekið verði á skuldavanda heimilanna, en draga það í efa að afnám verðtryggingar sé hin eina sanna lausn vandans, enda er það verðbólgan sem er rót vandans, óháð lánaformi. Rafiðnaðarmenn gera sér grein fyrir því að vaxtastig hér á landi er alltof hátt og með greiðsludreifingarþætti verðtryggingar er heimilum gert kleift að dreifa afborgunum yfir lengri tíma, en þetta býður jafnframt heim þeirri hættu að heimilin skuldsetji sig um of. Sveiflur á greiðslubyrði óverðtryggðra lána geta verið með svo öfgakenndum hætti að flest heimili lenda í greiðsluferfiðleikum við hvert verðbóluskot. Rafiðnaðarmenn kalla eftir raunverulegum lausnum á skuldavanda heimilanna, í stað þess að endurtekið sé verið að drepa málum á dreif með óraunsæjum töfralausnum.

Rafiðnaðarmenn krefjast þess að ráðist verði með skipulögðum hætti að rótum vandans með því að festa gengi krónunnar á ásættanlegu gengi fyrir almenning og tryggja síðan að sá gjaldmiðill sem hér er notaður til framtíðar verði stöðugur svo hægt verði að afnema gjaldeyrishöft innan skamms tíma.

Trúnaðarmannaráðstefna rafiðnaðarmanna telur að á skömmum tíma sé mögulegt, í

samvinnu við lífeyriskerfið, að bjóða upp á hagstæð lán fyrir fjölskyldur sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð. Þetta mun hvetja ungt fólk til sparnaðar, tengdan uppbyggingu réttinda í samtryggingar- og séreignakerfi lífeyrissjóðanna. Í tengingu við þetta kerfi væri hægt að byggja upp leigumarkað sem stæði til boða sambærileg kjör til langs tíma. Þarna gætu verið ásættanleg fjárfestingartækifæri fyrir lífeyrissjóði og þurfa stjórnvöld, í samvinnu við aðila vinnumarkaðsins, að huga að því að gera þetta kleift m.a. með lagabreytingum.

Ályktun um svarta atvinnustarfsemi

Trúnaðarmannaráðstefna RSÍ haldin á Selfossi 25. – 26. okt. 2012 lýsir yfir miklum vonbrigðum með hversu lítið stjórnvöld hafa tekið á aukinni svartri atvinnustarfsemi og kennitölulakki. Í Stöðugleikasáttmálanum voru ákvæði um að verkalyðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld myndu sameinast um að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir þennan vanda. Þar sem þeir sem standa að slíkri starfsemi verði dregnir til ábyrgðar og beittir þungum viðurlögum. Á þessum vanda hafa stjórnvöld ekki tekið með sama hætti og gert hefur verið í nágrennalöndum okkar. Þar vilja trúnaðarmenn rafiðnaðarmanna benda sérstaklega á hvernig Norðmenn hafa tekið á þessum mikla vanda.

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands







Starfsemi Stafa á árinu 2012

Þrátt fyrir óvissuástand á mörkuðum hefur rofað til í starfsemi Stafa. Sjóðurinn starfar þó áfram við erfiðar aðstæður. Peningamagn í umferð er mikið sem rekja má til gjald-eyrishafta og mikill munur er á eftirspurn og framboði í fjárfestingaumhverfi Stafa. Fjárfestingakostir eru takmarkaðir og peningaleg eign hækkar á milli ára. Hlutfall erlendra eigna hækkar þó á milli ára sem rekja má til hækkunar á erlendum eignum bæði vegna veikingar íslensku krónunnar og verðhækkana erlendis. Hlutfall erlendra eigna er nú 27% en var 23% í byrjun árs. Ljóst er að við afnám hafta verður uppsöfnuð þörf fyrir fjárfestingar erlendis töluverð enda hafa langtíma markmið Stafa verið að erlendar eignir verði um 40% af heildar eignum.

Sífelld minnkar sú óvissa sem ríkt hefur varðandi innheimtu á útistandandi kröfum sjóðsins. Þrátt fyrir að sjóðurinn sé aðili af dómsmálum leysast þau mál jafnt og þétt. Sjóðurinn hefur samið við föllnu bankana um uppgjör afleiðusamninga og þótt Stafir hafi ekki verið á meðal þeirra sjóða sem hvað mest áttu undir hefur óvissunni verið eytt.

Við bendum sjóðfélögum á að lesa vel allar skýringar með þessum ársreikningi til þess að fá glögga mynd af stöðu Stafa um áramót.

Sjóðfélagar og iðgjöld

Um áramót áttu 55.397 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Á árinu 2012 greiddu 9.008 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar Stafa og 1.732 launagreiðendur. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 7.226. Á árinu 2012 námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 4.275 millj. kr.

Í árslok 2012 áttu 21.376 einstaklingar réttindi í séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild á árinu 2012 voru 1.282. Á árinu 2012 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar 210 millj. kr. sem er lækkun um 16,3% frá fyrra ári sem má að stórum hluta rekja til þess að skattalögum var breytt hvað iðgjöld í séreign varðar.

Lífeyrisgreiðslur og tryggingastaða

Á árinu 2012 nutu 4.656 lífeyrisþegar greiðslna úr samtryggingardeild að fjárhæð 2.574 millj. kr. sem er hækkun um 11% á milli ára. Lífeyrisþegum fjölgaði um 4,5% á árinu eða um 204. Greiðslur úr séreignardeild námu um 313 m.kr. sem er um 30% lækkun á milli ára. Heldur hefur dregið úr útgreiðslum úr séreign þrátt fyrir tíma- bundnar heimildir til að taka út séreign fyrir 60 ára aldur.

Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins hefur farið fram miðað við árslok 2012. Helstu niðurstöður eru þær að staða sjóðsins í heild gagnvart áföllnum skuldbindingum er neikvæð um 17,8% og að viðbættri framtíðarskuldbindingu er hún neikvæð um 9,7%.

Ávöxtun eigna

Nafnávöxtun allra eigna 2012 var 10,8% en hrein raunávöxtun nam 6,0%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er neikvæð um 4,6% en er jákvæð um 2,0% síðustu tíu árin. Við útreikning á sögulegri ávöxtun er meðalávöxtun sameinaðra sjóða lögð til grundvallar. Ávöxtun einstakra deilda er sýnd í kennitölum ársreiknings Stafa og er athygli sjóðfélaga vakin á því. Sjóðfélögum stendur til boða að velja um 3 séreignarleiðir sem hafa skilað mismunandi ávöxtun, allt eftir samsetningu og áhættu.

Rekstrarkostnaður

Samanlagður skrifstofu og stjórnunarkostnaður Stafa var 255,4 millj. kr. á árinu 2012 og jókst um 7,9% á milli ára. Munar þar mikið um kostnað vegna aðkeyptrar sérfræðivinnu við að verja og sækja rétt sjóðsins í fjölmörgum málum. Heildar rekstrar og stjórnunarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,25% en 0,26% árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2012 var 140 millj. kr. og hækkar um 9,9%. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,13% og stendur í stað á milli ára. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af iðgjöldum var 3,1% samanborið við 3,0% árið áður. Sjóðurinn skiptir kostnaði samkvæmt reglum FME upp í rekstrarkostnað og fjárfestingagjöld. Ef tekið er tillit til viðmiðunarvísitalna hækkaði raunkostnaður um 3,2%. Auknar kröfur eftirlitsaðila hafa mikinn kostnað í för með sér en stöðugt er leitað leiða til að hagræða í rekstri Stafa. Meðalfjöldi starfsmanna hjá sjóðnum á árinu var 12,4 samanborið við 12,8 árið áður og námu launagreiðslur til stjórnar og framkvæmdastjóra 22,6 m. kr. og lækka um 3% á milli ára.

Skipulag og stjórnun Stafa

Stöðugt er unnið að því að efla skipulag og rekstur Stafa með það að markmiði að auka rekstraröryggi. Stjórn Stafa fær reglulega ítarlega skýrslu framkvæmdastjóra um rekstur og efnahag þar sem öll viðskipti eru tilgreind. Aðgreining starfa er skýr og sjóðurinn býr við öflugt eftirlit ytri endurskoðanda, E&Y, og innri endurskoðanda, Deloitte. Þessir aðilar vinna sjálfstætt og hafa skoðað sjóðinn og rekstur hans fyrir árið 2012 og skilað stjórn skýrslu þar um. Þá er þriggja manna endurskoðunarnefnd starfandi sem skipuð er tveimur einstaklingum óháðum stjórn og einum stjórnarmanni sem yfirfara vinnubrögð endurskoðanda og vinnur náið með innri endurskoðanda að því að efla eftirlit með rekstri enn frekar. Þá starfar fyrir stjórn sérstakur regluvörður sem hefur eftirlit með verðbréfavíðskiptum Stafa, stjórnar- og starfsmönnum. Á starfárinu kom FME í vettvangskonun og framkvæmdi úttekt á starfsemi Stafa. Niðurstöður athugunar FME voru birtar með sérstakri gagnsæistilkynningu sem sérstaklega verður gerð grein fyrir í ársskýrslu Stafa.

Ólafur Sigurðsson

framkv.stj. STAFA